 14. *Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi* hækkar um 10 þús. kr.
- III. *Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:*
3. *Tillag til Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 145 þús. kr.
 4. *Viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna* er nýr liður að upphæð 3 445 þús. kr. Hér er um að ræða frjálst framlag til þess að aðstoða Sameinuðu þjóðirnar til þess að losna úr fjárhagsörðugleikum stofnunarinnar. Ríkisstjórnir Norðurlandanna ákváðu allar í júní s. l. að leggja fram slík framlög, og nemur viðbótarframlag hvers lands fyrir sig tvöföldu venjulegu framlagi þess.
 5. *Tillag til varnarliðs Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 50 þús. kr.
 9. *Tillag til Evrópuráðsins* hækkar um 45 þús. kr.
 13. *Tillag til tollanefndar Evrópu* hækkar um 5 þús. kr.
 16. *Tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar* hækkar um 10 þús. kr.
 19. *Tillag til Alþjóðalandafræðisambandsins* hækkar um 4 þús. kr.
 24. *Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)* hækkar um 83 þús. kr.
 28. *Vegna Genfarsamninganna frá 1949 um meðferð stríðsfanga* er nýr liður, að upphæð 20 þús. kr.
 29. *Tillag til alþjóðlega jarðmælinga- og jarðeðlisfræðisambandsins* er nýr liður að upphæð 38 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur*. Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um sömu upphæð. Til ljósprentunar hæstaréttardóma lækkar um 50 þús. kr.
2. *Saksóknaraembætti ríkisins*. Bætt er við 1 fulltrúa. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 45 þús. kr. og annar kostnaður um 125 þús. kr.

3. *Borgardómaraembættið í Reykjavík*. Bætt er við einum fulltrúa. Húsaleiga ljós og hiti hækkar um 90 þús. kr. og annar kostnaður um 70 þús. kr.

4. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík*. Bætt er við 1 fulltrúa, en staða firmaskrárritara fellur niður. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

5. *Sakadómaraembættið í Reykjavík*. Bætt er við 1 ritara, Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting lækkar um 50 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 38 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík*. Bætt er við 1 símastúlku. Aukavinna hækkar um 56 þús. kr. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 26 þús. kr. og annar kostnaður um 110 þús. kr.

7. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli*. Bætt er við 1 bókara, sem jafnframt vinnur sem gjaldkeri. Annar kostnaður hækkar um 51 þús. kr.

8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Fjölgað er um 1 fulltrúa í Hafnarfirði og ritara hálfan daginn á Akranesi. Annar kostnaður hækkar um 3 millj. kr. Áætlað er, að kostnaðurinn á næsta ári verði 14.5 millj. kr. eða 2 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Fjárveitingar á þessum lið hafa reynzt of lágar undanfarið ár og hafa um 1.9 millj. kr. af kostnaðinum 1964 verið greiddar af fjárveitingu þessa árs. Auk þess er áætlað að kostnaður tilheyrandi þessu ári verði um 500 þús. kr. umfram áætlun. Lagt er til, að 1 millj. kr. sé veitt til þess að vinna upp þennan mismun. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 1.8 millj. kr. Viðhald embættisbústaða hækkar um 200 þús. kr.

9. *Laun hreppstjóra* hækka um 780 þús. kr. í samræmi við lög nr. 32/1965 um laun þeirra.

10. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík*. Fjölgað er um 2 ríkislögreglumenn. Vaktaálág, aukavinna o. fl. hækkar um 380 þús. kr. Einkennisfatnaður, tryggingar o. fl. hækkar um 85 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 35 þús. kr. Fjarskiptaþjónusta lækkar um 38 þús. kr. Æfingaskáli og gufubaðstofa hækkar um 26 þús. kr. Kvenlögregla lækkar um 9 þús. kr. Lögregluskóli, áhöld o. fl. hækkar um 40 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli*. Fækkað er um 1 varðstjóra. Vaktaálág og helgidagauppbót hækkar um 127 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um 40 þús. kr. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækkar um 170 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 64 þús. kr.

c. *Til löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna* hækkar um 200 þús. kr.

d. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 1320 þús. kr.

e. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 4.3 millj. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum undanfarið.

f. *Til löggæzlu í sveitum* hækkar um 300 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík*. Vaktaálág hækkar um 28 þús. kr. og annar kostnaður um 200 þús. kr. Liðurinn „viðhaldskostnaður“, 300 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

b. *Vinnuhælið að Litla-Hrauni*. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 129 þús. kr. Liðurinn „til kaupa á vélum“, 200 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Tekjur hækka um 65 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík*. Kostnaðarhluti ríkissjóðs vex um 57 þús. kr.

d. *Vinnuhælið að Kvíabryggju*. Aukavinna hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 11 þús. kr.

12. *Til byggingar fangahúsa* er lagt til að veita 640 þús. kr. eða jafnháa upphæð og raunverulegt framlag á þessu ári.

13. *Málskostnaður hækkar* um 1.5 millj. kr., en endurgreiddur málskostnaður hækkar um 300 þús. kr.

16. *Laun meðdómsmanna* hækka um 500 þús. kr.

17. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 100 þús. kr.

Liðurinn, „til útgáfu íslenskra dómaskráa“, 300 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

21. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 3 055 þús. kr. Gert er ráð fyrir því, að rekstri varðskipsins Sæbjargar verði hætt. Áætlaðar tekjur lækka um 500 þús. kr., m. a. vegna minnkaðrar björgunaraðstoðar við skip og báta.

22. *Bifreiðaeftirlit ríkisins*. Annar kostnaður hækkar um 400 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

23. *Kostnaður við eftirlit á vegum*. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr.

24. *Til húsameistara ríkisins*. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar undanfarið. Tekjur eru áætlaðar 100 þús. kr. hærri en áður.

25. *Til bindindistarfsemi*. Til áfengisvarnaráðs hækkar um 100 þús. kr. og til Stórstúku Íslands um 50 þús. kr.

26. *Til Templarahallar, byggingarstyrkur*, er lagt til að veita 400 þús. kr. eða jafnháa upphæð og raunverulegt framlag á þessu ári.

Um 11. gr. B.

I. Tollar:

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík*. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 200 þús. kr.

b. Tollgæzla:

1. *Í Reykjavík*. Annar kostnaður og aukavinna hækkar samtals um 1455 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum nú. Aukavinna verður sérstakur liður, að upphæð 2.7 millj. kr. Vaktaálag hækkar um 50 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 150 þús. kr. og símakostnaður um 25 þús. kr.

2. *Á Keflavíkurflugvelli*. Fjölgað er um 3 tollverði. Næturvinnuálag hækkar um 156 þús. kr. Einkennisföt hækka um 95 þús. kr. Fæðisstyrkur hækkar um 120 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr. Aukavinna tollvarða við afgreiðslu flugvéla Loftleiða er nýr liður, að upphæð 1335 þús. kr.

3. *Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar*. Annar kostnaður hækkar um 350 þús. kr.

II. *Kostnaður við rikisskattanevnd og skattstofur* hækkar um 6.5 millj. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum undanfarið, en auk þess hefur reynzt óhjákvæmilegt að samþykkja allmikla manna fjölgun hjá skattstofunum til þess að auka og efla eftirlit með skattheimtu.

III. *Kostnaður við fasteignamat* hækkar um 2.5 millj. kr., enda stendur nú vinna við aðalmat fasteigna sem hæst.

IV. *Kostnaður við embættistirlitsferðir* hækkar um 10 þús. kr.

V. *Innheimtulaun* hækka um 300 þús. kr.

VI. *Innheimtustofnun* hækkar um 402 þús. kr.

Um 11. gr. C.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur hækkar um 400 þús. kr. vegna hækkaðs verðlags.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið*. Annar kostnaður hækkar um 72 þús. kr., m. a. vegna þess, að ráðgert er að greiða, í fyrsta sinn af þessum lið, kostnað við prentun og útgáfu heilbrigðisskýrslna og læknaskrár, en hann hefur til þessa verið greiddur af fjárveitingu á 11. gr. C. fjárlaga.

II. *Héraðslæknar*. Gert er ráð fyrir launum 64 héraðslækna, þar af 8 aðstoðarlækna, eins staðgengils og eins neyðarlæknis, sem er einum héraðslækni fleiri en á yfirstandandi ári. Í hinum nýju læknaskipunarlögum, nr. 43/1965, er mælt fyrir um fjölgun aðstoðarlækna úr 6 í 8, fækkun héraðslæknisumdæma um tvö og stofnun stöðu fyrir neyðarlækni. Í lögnum er einnig kveðið á um greiðslu staðaruppbótar til 20 héraðslækna, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði. Þetta ákvæði veldur 1335 þús. kr. hækkun á þessum lið. Síma-kostnaður og burðargjöld hækka um 70 þús. kr.

III. *Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð* hækkar um 23 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar*. Rekstrarhalli ríkisspítalanna hækkar um 3117 þús. kr. Miðað er við, að daggjöld á Landsspítalanum hækki úr kr. 360 í kr. 400 og daggjöld á hælunum hækki úr kr. 230 í kr. 270, nema á Fávitahælinu í Kópavogi úr kr. 230 í kr. 265.

A. *Landsspítalinn*. Í frumvarpinu eru nú áætluð í einu lagi framlög til Landspítalans, en í núgildandi fjárlögum eru veitt sérstök framlög til rekstrar nýrra deilda í viðbyggingu hans. Fjölgað er um fjóra aðstoðarlækna. Laun annarra starfsmanna hækka um 2884 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 1343 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Aukavinna lækkar um 779 þús. kr. Matvörur og annar kostnaður hækkar um 804 þús. kr. Tekjur hækka um 4876 þús. kr., vegna áætlaðrar hækkunar á daggjöldum.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans*. Gert er ráð fyrir, að í starfsliði verði tveim hjúkrunarnemum færra en nú er. Laun annarra starfsmanna hækka um 649 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 120 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Aukavinna hækkar um 45 þús. kr. Laun starfsmanna á skrifstofu lækka um 66 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Fæðiskostnaður hækkar um 520 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 520 þús. kr. Tekjur hækka um 860 þús. kr.

C. *Heilsuhælið að Vífilsstöðum*. Laun annarra starfsmanna lækka um 1149 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 120 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Aukavinna lækkar um 166 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður, og laun starfsmanna á skrifstofu lækka um 44 þús. kr. af sömu ástæðu. Matvörur hækka um 934 þús. kr. Gerð er tillaga, jafnhá framlagi í núgildandi fjárlögum, 1200 þús. kr., til að ljúka greiðslum vegna ketilhúss og sjúkralyftu. Annar kostnaður hækkar um 630 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar hækka um 1865 þús. kr.

D. *Heilsuhælið í Kristnesi*. Tillögur um framlög til hælisingu eru nú sundurliðaðar nánar en í fjárlögum yfirstandandi árs. Matvörur hækka um 110 þús. kr. og annar kostnaður um 550 þús. kr. Tekjur hækka um 1079 þús. kr.

E. *Geðveikrahælið á Kleppi*. Áætluð laun fyrir þrjú nýja starfsmenn, þ. e. eina sérlærða hjúkrunarkonu og tvo flokksstjóra. Laun annarra starfsmanna hækka um 654 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 120 þús. kr. Aukavinna hækkar um 1472 þús. kr. og matvörur um 1809 þús. kr. Til húsgagna- og áhaldakaupa lækkar um 500 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 2039 þús. kr. og tekjur hækka um 4785 þús. kr.

F. *Fávitahælið í Kópavogi*. Laun annarra starfsmanna hækka um 508 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag hækka um 102 þús. kr., aukavinna um 99 þús. kr. Matvörur hækka um 352 þús. kr. og annar kostnaður um 730 þús. kr. Tekjur hækka um 1350 þús. kr.

G. *Fávitahælið í Kópavogi*, ný deild. Gert er ráð fyrir, að ný deild taki til starfa við Fávitahælið í Kópavogi í maí-mánuði á næsta ári. Starfsfólk, sem ráðið verður að þessari nýju deild, er: 1 deildargæzlusystir, 1 gæzlusystir og 4 starfsstúlkur. Rekstrarkostnaður við deildina er áætlaður 801 þús. kr. og tekjur 690 þús. kr.

H. *Holdsvækraspítalinn í Kópavogi*. Laun annarra starfsmanna hækka um 14 þús. kr. og gæzluvaktir og vaktaálag um 78 þús. kr. Aukavinna lækkar um

58 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 36 þús. kr. Tekjur hækka um 6 þús. kr.

I. *Ljósmæðraskóli Íslands*. Laun annarra starfsmanna hækka um 40 þús. kr. Áætlað er, að fæðiskostnaður lækki um 95 þús. kr. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum tekjum, en þær eru áætlaðar 141 þús. kr. í nágildandi fjárlögum.

J. *Blóðbankinn*. Gæzluvaktir og vaktaálag hækkar um 60 þús. kr. Aukavinna lækkar um 51 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr. Tekjur hækka um 150 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa Háskólans*. Gæzluvaktir og vaktaálag hækkar um 24 þús. kr. Aukavinna hækkar um 248 þús. kr. og annar kostnaður um 105 þús. kr. Áætlað er, að tekjur hækki um 735 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa* skv. lögum lækkar um 2.4 millj. kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er, vegna ákv. l. nr. 41/1964, rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa fyrir síðara misseri s. l. árs og allt árið 1965. Tillagan er nú miðuð við rekstrarstyrk yfirstandandi árs að viðbættum 20%, vegna væntanlegrar fjölgunar sjúkrarúma á árinu og beinnar hækkunar á rekstrarstyrknum.

VII. a. *Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík, St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði og til St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi* hækkar um 675 þús. kr.

b. *Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík* er jafnhár raunverulegu framlagi yfirstandandi árs.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi* annars staðar að.

a. Gert er ráð fyrir, að hlutur ríkissjóðs í rekstri Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur hækki um 526 þús. kr.

b. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í öðrum kaupstöðum* hækkar um 45 þús. kr.

IX. *Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og lækningabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa*, er 17650 þús. kr. eða 1604 þús. kr. hærri en raunverulegt framlag á yfirstandandi ári.

XI. *Til ónæmisáðgerða* hækkar um 20 þús. kr.

XIII. *Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum farsóttalaga nr. 10/1958*, lækkar um 180 þús. kr. þar sem nú mun vera lokið við að greiða kostnað af ráðstöfunum, sem gerðar voru hér á landi vegna bólusóttar í nágrannalöndunum.

XVI. *Til lækningavítjanasjóða samkv. lögum nr. 59/1942* lækkar um 15 þús. kr.

XVII. *Til lækningatækja í fámennum lækningahéruðum samkv. lögum nr. 45/1962* lækkar um 160 þús. kr. þar sem fjárveitingar hafa ekki verið notaðar að fullu undanfarið.

XXI. *Umbúðasmíði vegna fatlaðra* hækkar um 12 þús. kr.

XXII. *Styrkur samkvæmt ákvörðun landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa lækningahjálpar erlendis*, lækkar um 100 þús. kr.

XXIV. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra* hækkar um 400 þús. kr., vegna hækkaðra launa ljósmæðra.

XXVIII. *Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 90 þús. kr.

XXX. *Mjólkureftirlitið*. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

XXXI. *Kostnaður við matvælarannsóknir samkv. lögum nr. 24/1936* lækkar um 250 þús. kr., þar sem lokið er greiðslu skulda, sem safnast höfðu, vegna of lágra fjárveitinga áður.

XXXII. *Til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur*, er 320 þús. kr. eða jafnhár raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XXXIII. Í hjúkrunarlögum, sem samþykkt voru á síðasta þingi, er gert ráð fyrir, að þjálfað verði aðstoðarfólk til hjúkrunarstarfa, sem á að geta unnið nokkuð af þeim störfum, sem fulllært hjúkrunarfólk vinnur nú. Er því gerð tillaga um nýjan lið: *Námskeið aðstoðarfólks við hjúkrun* (sbr. l. nr. 42/1965), að fjárhæð 50 þús. kr.

XXXIV. *Kostnaður vegna undirbúnings reglna um meðferð, notkun og eftirlit eiturefna* er nýr liður að fjárhæð 120 þús. kr.

XXXV. *Kostnaður vegna héraðshjúkrunarkvænna og annarrar aðstoðar við hjúkrun í læknilausum héruðum* er nýr liður að fjárhæð 150 þús. kr. Samkvæmt 9. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965 er heimilt að greiða úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ hluta launa allt að sex hjúkrunarkvænna í læknilausum héruðum. Reynslan hefur sýnt, að erfitt er að fá lærðar hjúkrunarkonur til slíkra starfa, en nauðsynlegt að fá hjúkrunaraðstoð. Verður að ráða til þess konur, sem ekki hafa hjúkrunarpróf. Er því gerð tillaga um framangreinda fjárveitingu.

Um 13. gr. A.

Sú breyting verður á tillögum til fjárveitinga samkvæmt þessari grein, að niður fellur *framlag til vegamála samkvæmt 89. gr. vegalaga nr. 71/1963*, að fjárhæð 47 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að afla nýrra tekna til vegaframkvæmda sem þessu nemur með hækkun innflutningsgjalds af benzíni.

Liðurinn til ferjuhalds, 15 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

II. *Til nýbjálavega* lækkar um 40 þús. kr.

Um 13. gr. B.

Tillögur um fjárveitingar samkvæmt þessari grein eru óbreyttar frá nágildandi fjárlögum. Ekki þykir rétt að gera tillögu um breytt framlag til Skipaútgærðar ríkisins, þar sem nefnd, sem hefur með höndum athugun á rekstri útgerðarinnar, hefur ekki lokið störfum.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála*. Gert er ráð fyrir launum þriggja nýrra starfsmanna, þ. e. tveggja verkstjóra og eins yfirverkstjóra. Annar skrifstofukostnaður lækkar um 110 þús. kr.

II. *Laun vitavarða*.

a. Föst laun hækka um 400 þús. kr., m. a. vegna fjölgunar vitavarða á þessu ári og næsta.

b. Aukagæzla og aðstoð lækkar um 50 þús. kr.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna*.

a. *Vitaskipið*. Liðurinn lækkar um 1 millj. kr., m. a. sökum fyrirsjáanlegs kostnaðar við fjögurra ára flokkunarviðgerð vitaskipsins, sem framkvæma skal á næsta ári.

b. *Vitarnir*. Liðurinn er, með hliðsjón af rekstrarkostnaði s. l. árs, hækkaður um 800 þús. kr.

IV. *Viðhald og endurbætur vitanna*. Með hliðsjón af niðurstöðu s. l. árs er gerð tillaga um 270 þús. kr. hækkun.

V. *Sjómerki* hækka um 50 þús. kr.

VI. *Til áhalda*. Tillaga er gerð um framlag að fjárhæð 2.4 millj. kr., sem er jafnhá raunverulegu framlagi á s. l. ári.

VII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta*. Lagt er til að veittar verði 15.6 millj. króna í greindu skyni, en það er jafnhátt raunverulegri fjárveitingu yfirstandandi árs.

VIII. *Ferjubryggjur*. Liðurinn er 92 þús. kr. lægri en raunveruleg fjárveiting þessa árs.

IX. *Til hafnarbótasjóðs* er lagt til að veita 3200 þús. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs.

X. *Til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarfrankvæmda* er áætlað að veita 6.4 millj. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs.

XI. *Greiðslur af hafnarlánum* hækka um 4966 þús. kr.

XII. *Til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu Gretti.* Liðurinn er jafnhár raunverulegri fjárveitingu yfirstandandi árs.

Til rannsókna á möguleikum til hafnargerða á stöðum, þar sem engar hafnarnefndir eru starfandi, 400 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs, fellur niður.

Kostnaður vegna þátttöku í ráðstefnu P.I.A.N.C., 100 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Aukavinna hækkar um 100 þús. kr. Önnur laun lækka um 45 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 350 þús. kr. Endurgreitt vegna alþjóðaflugþjónustunnar hækkar um 100 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

1. *Flugvallarstjórn.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

2. *Slökkviliðsdeild.* Fjölgað er um tvo slökkviliðsmenn, og hækka laun m. a. þess vegna um 389 þús. kr. Aukavinna lækkar um 200 þús. kr., vaktaálag hækkar um 90 þús. kr. og önnur laun lækka um 150 þús. kr.

3. *Vélaverkstæði.* Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Laun vélvirkja og tíma-kaupsmanna lækka um 250 þús. kr. Fært á aðra liði breytist til jafns við breytt útgjöld, svo að ekki verður fremur en áður um að ræða beina fjárveitingu úr ríkissjóði, vegna starfrækslu vélaverkstæðisins.

4. *Trésmiðaverkstæði.* Laun trésmiða og aðstoðarmanna lækka um 75 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr. Fært á aðra liði breytist jafnmikið og útgjöldin, svo að ekki verður nú fremur en áður um að ræða bein útgjöld úr ríkissjóði, vegna þessarar starfsemi.

5. *Rafmagnsverkstæði.* Aukavinna hækkar um 35 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 15 þús. kr. Fært á aðra liði er sem áður jafnhátt rekstrarkostnaði.

6. *Viðhald og varðveisla mannvirkja.* Starfsliði er fjölgað um einn bifreiðarstjóra. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Viðhald húsa og flugskýla lækkar um 800 þús. kr. Viðhald vega og flugvallarsvæðis lækkar um 2700 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

III. *Keðjavíkurflugvöllur.*

1. *Flugvallarstjórn.* Liðurinn annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn.* Vaktaálag og aukavinna hækkar um 136 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 79 þús. kr.

3. *Radióþjónusta* hækkar, með hliðsjón af niðurstöðu s. l. árs, um 100 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir:*

1. *Framkvæmdastjórn.* Annar kostnaður lækkar um 85 þús. kr.

2. *Akureyrarflugvöllur.* Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og önnur laun um 130 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 110 þús. kr.

3. *Sauðárkróksflugvöllur.* Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr.

4. *Egilsstaðaflugvöllur* hækkar um 110 þús. kr.

5. *Vestmannaeyjaflugvöllur* hækkar um 100 þús. kr.

7. *Húsavíkurflugvöllur* hækkar um 30 þús. kr.

8. *Aðrir flugvellir* hækka um 350 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

A. *Framkvæmdastjórn.* Aukavinna hækkar um 48 þús. kr. Liðurinn önnur laun, 60 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

B. *Upplýsingaþjónustan.* Aukavinna hækkar um 60 þús. kr. Önnur laun er nýr liður að fjárhæð 110 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

C. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Flugumferðarstjórn, Reykjavík.* Aukavinna hækkar um 190 þús. kr. Vaktaálag hækkar um 50 þús. kr., annar kostnaður lækkar um 282 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn, Akureyri*. Aukavinna hækkar um 55 þús. kr. og vaktaálag um 30 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum*. Aukavinna lækkar um 10 þús. kr., vaktaálag hækkar um 20 þús. kr., annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

4. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum*. Aukavinna hækkar um 60 þús. kr. og vaktaálag um 10 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr.

5. *Flugumferðarstjórn, Ísafirði*. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr.

6. *Flugumferðarstjórn, Hornafirði*. Aukavinna hækkar um 15 þús. kr.

7. *Flugumferðarstjórn, Norðfirði*, 150 þús. kr., er nýr liður.

D. *Radiodeild*:

3. *Radioverkstæði, Akureyri*. Aukavinna hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr. Fært á aðra liði hækkar til jafns við aukin gjöld.

4. *Radioverkstæði, Egilsstöðum*. Laun hækka um 9 þús. kr. Aukavinna um 25 þús. kr., og annar kostnaður um 45 þús. kr. Fært á aðra liði hækkar til jafns við aukin gjöld.

5. *Rekstur stöðvanna* hækkar um 400 þús. kr.

VI. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur*:

1. *Framlag til ICAO* hækkar um 45 þús. kr.

3. *ICAO-deild*. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr., önnur laun um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

VII. *Löftferðaeftirlit*. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. Bætt er við nýjum lið, önnur laun, að fjárhæð 100 þús. kr. Tekjur hækka um 190 þús. kr.

VIII. *Þjálfun starfsmanna* hækkar um 75 þús. kr.

IX. *Styrkir til námsmanna og starfsemi áhugamanna* hækka um 100 þús. kr.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan*:

1. *Flugfjarskiptaþjónustan* hækkar um 1101 þús. kr.

2. *Flugveðurþjónustan* hækkar um 2033 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn* hækkar um 954 þús. kr.

4. *Sæsimakostnaður* lækkar um 3224 þús. kr. Áætlunin um kostnaðinn, sem tekin var upp í nágildandi fjárlög, miðaðist við það, að alþjóðaflugþjónustan yrði eini leigutaki á sæsimastrengnum milli Íslands og Kanada. Nú er hins vegar búizt við, að Bandaríkin verði áfram leigutaki líka, og verður þá leiga alþjóðaflugþjónustunnar lægri en hún myndi annars verða, þar sem alþjóðaflugþjónustan þarf þá ekki ein að standa undir kostnaðinum við sæsimastrenginn.

XII. *Framlag til ICAO, vegna veðurathugunarskipa á Norður-Atlantshafi* hækkar um 1448 þús. kr., þar sem ráðgert er að greiða á næsta ári helming af hlutfallslegu framlagi Íslands til þessarar stofnunar í stað um 20% áður.

XIII. *Veðurþjónusta á Grænlandi og lóranstöð í Færeyjum* hækkar um 800 þús. kr.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar:

1. *Af Reykjavíkurflugvelli* lækkar um 500 þús. kr.

2. *Af Keflavíkurflugvelli* hækkar um 1000 þús. kr.

3. *Af öðrum flugvöllum* hækkar um 50 þús. kr.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta*.

A. *Yfirstjórn og skrifstofa*. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 99 þús. kr.

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli*. Aukavinna og vaktaálag hækkar um 5 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 653 þús. kr. Gert er ráð fyrir að hækka þóknun til veðurathugunarmanna mjög verulega, þar sem svo mikil vandkvæði hafa verið á því að fá menn til veðurathugunarstarfa, að til vandræða hefur horft. Simakostnaður hækkar um 44 þús. kr. og annar kostnaður um 60 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild*. Aukavinna lækkar um 1 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr.

D. *Veðurfarsdeild*. Aukavinna lækkar um 10 þús. kr., þóknun til veðurathugunarmanna lækkar um 150 þús. kr. og annar kostnaður um 60 þús. kr.

E. *Áhaldadeild*. Aukavinna lækkar um 5 þús. kr., til veðurathugana á hálandi Íslands lækkar um 210 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

F. *Jarðeðlisfræðideild*. Aukavinna lækkar um 10 þús. kr., annar kostnaður lækkar um 17 þús. kr. og ýmsar veðurfræðilegar mælingar hækka um 10 þús. kr.

G. *Bóka- og skjalasafn*. Aukavinna lækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

Endurgreitt vegna flugveðurþjónustu lækkar um 183 þús. kr.

III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs*. Aukavinna og vaktaálag hækkar um 620 þús. kr. Gerð er tillaga um hækkun á þóknun til veðurathugunarmanna, þar sem mikill skortur er á fólki til þeirra starfa. Mælitæki til háloftathugana hækka um 280 þús. kr., símakostnaður lækkar um 50 þús. kr., annar kostnaður um 242 þús. kr., óbeinn kostnaður samkvæmt samningi um 183 þús. kr., og afborganir og vextir um 12 þús. kr. Útgjöld til veðurþjónustu vegna millilandaflugs færast sem áður á 13. gr. D. XI. 2.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins*.

1. *Skrifstofukostnaður*. Aukavinna lækkar um 175 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr.

2. *Landkynning*. Liðurinn lækkar um 500 þús. kr. miðað við núgildandi fjárlög, þar eð framlag ríkissjóðs í þessu skyni er talið sérstaklega, sbr. 5. lið.

4. *Námskeið fyrir leiðsögumenn og framreiðslumenn* o. fl. er nýr liður að fjárhæð 25 þús. kr.

5. *Ríkisframlag til landkynningar samkvæmt lögum nr. 29/1964* er nýr liður að fjárhæð 500 þús. kr. Tekjur hækka um 800 þús. kr.

II. *Til ferðamála* er nýtt, sundurliðað framlag að fjárhæð 1148 þús. kr., sem kemur í stað liðarins:

Til Ferðamálasjóðs í X. lið 13. gr. F. núgildandi fjárlaga. Þetta framlag er 52 þús. kr. lægra en raunverulegt framlag til Ferðamálasjóðs á þessu ári.

III. *Skipaskoðun ríkisins*. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði, lækkar um 50 þús. kr.

Til fræðslumyndar um notkun gúmmibáta, að fjárhæð 50 þús. kr., fellur niður. Kostnaður við útreikninga á stöðugleika nokkurra íslenskra fiskiskipa lækkar um 120 þús. kr., og annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr.

IV. *Stýrimannaskólinn*. Stundakennsla og prófkostnaður lækkar um 148 þús. kr. og húsaleiga um 20 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 125 þús. kr., til námskeiða utan Reykjavíkur um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 22 þús. kr.

VI. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla*. Til stundakennslu lækkar um 90 þús. kr. og annar kostnaður um 24 þús. kr.

VII. *Til landmælinga*. Laun hækka um 135 þús. kr., m. a. vegna nýs kortargerðarmanns við stofnunina. Prentun landabréfa lækkar um 105 þús. kr., annar kostnaður um 75 þús. kr. og til kaupa á útteikningartæki lækkar um 39 þús. kr.

VIII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar*.

1. *Sjómælingar*. Önnur laun er nýr liður að fjárhæð 400 þús. kr. Mælingavinna lækkar um 300 þús. kr. Útgerð sjómælingabáts lækkar um 30 þús. kr., til tækjakaupa um 80 þús. kr. og annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr. Til sjómælingaráðstefnu á Íslandi er nýr liður að fjárhæð 25 þús. kr.

2. *Sjókortagerð*. Önnur laun er nýr liður að fjárhæð 425 þús. kr. Prentun lækkar um 150 þús. kr., efni lækkar um 10 þús. kr., til áhaldakaupa lækkar um

10 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Tekjur hækka um 100 þús. kr.

XI. *Til umbóta við Geysi*, að fjárhæð 65 þús. kr., er jafnhátt raunverulegri fjárveitingu yfirstandandi árs.

Til lagfæringar og fegrunar á hverasvæðinu í Hveragerði fellur niður.

XII. *Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkv. lögum nr. 53/1963*. Annar kostnaður hækkar um 77 þús. kr.

Til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík, 500 þús. kr. í nógildandi fjárlögum, fellur niður.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn*. Hækkun frá yfirstandandi ári er alls kr. 4280 þús. kr. Laun hækka um 2445 þús. kr., m. a. vegna ráðningar ellefu nýrra starfsmanna að skólanum, þ. e. sjö lektora og fjögurra prófessora. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 500 þús. kr., sérstaklega vegna aukins ræstingarkostnaðar. Gerð er tillaga um 430 þús. kr. hækkun á framlagi til tannlækningastofu, en óhjákvæmilegt er að hækka þennan lið, þar eð ákveðið hefur verið að taka framvegis eigi færri en 15 stúdenta árlega til náms í tannlækningum. Til kennslu í lyfjafræði lyfsala hækkar um 30 þús. kr., til verklegrar kennslu í lyfjagerð um 5 þús. kr. Lagt er til að hækka fjárveitingu til stundakennslu um 500 þús. kr., en það er nauðsynlegt sökum breyttra kennsluhátta, vegna nýrra reglugerðarákvæða, einkum um verkfræðideild, viðskiptadeild og heimspekideild. Fasteignagjöld og tryggingar hækka um 50 þús. kr. vegna hækkaðra fasteignagjalda og aukinna bygginga. Prófkostnaður er, með hliðsjón af reynslu næst liðins árs, hækkaður um 100 þús. kr. Kostnaður við íþróttakennslu hækkar vegna loflega aukins íþróttáhuga í skólanum. Ýmis útgjöld hækka um 100 þús. kr. Niður fellur liðurinn: Rannsóknarstofa í lyfjafræði lyfsala, en hann er 30 þús. kr. í nógildandi fjárlögum. Til rannsóknarstofu í efnafræði hækkar um 50 þús. kr., vegna fjölgunar stúdenta í efnafræði.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum*. Annar kostnaður hækkar um 695 þús. kr. og tekjur hækka um 894 þús. kr.

c. *Orðabók Háskólans*. Að þessu sinni er hér gerð tillaga um framlög til Orðabókar Háskólans, en fjárveitingar til hennar hafa jafnan verið á 14. gr. B. Laun lækka um 58 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður.

d. *Til Raunvísindastofnunar Háskólans* er nýr liður að fjárhæð 3.0 millj. króna, en niður falla þessir liðir, samtals að fjárhæð 3552 þús. kr.: Til eðlisfræðirannsóknna, til norðurljósarannsóknna og til reiknistofu háskólans, vegna kaupna á rafeindareiknivél.

III. a. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum* hækkar um 2542 þús. kr., bæði vegna fjölgunar námsmanna og hækkaðs dvalarkostnaðar hérlendis og erlendis. Verulegur hluti framangreindrar hækkunar, þ. e. 2181 þús. kr., rennur til Lána-sjóðs íslenzkra námsmanna samkvæmt lögum nr. 52/1961.

b. Fimm ára styrkir hækka um 80 þús. kr.

IV. *Fræðslumálastjóraembættið*. Aukavinna hækkar um 63 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting lækkar um 39 þús. kr. og ferða- og bifreiðakostnaður hækkar um 20 þús. kr. Símakostnaður, burðargjöld og auglýsingar hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

V. *Menntaskólinn í Reykjavík* hækkar alls um 2510 þús. kr. Laun hækka um 1285 þús. kr., m. a. vegna ráðningar fjögurra nýrra kennara að skólanum og flokkahækkana nokkurra. Stundakennsla hækkar um 735 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 400 þús. kr., m. a. vegna hækkaðs ræstingarkostnaðar og aukins húsrýmis skólans. Prófkostnaður hækkar um 90 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Akureyri*. Miðað er við, að fastir kennarar skólans verði einum færri en nú. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 160 þús. kr. Húsaleiga er nýr liður, að fjárhæð 250 þús. kr., þar sem í ráði er að leigja Hótel Varðborg á Akur-

eyri til afnota fyrir skólann næsta vetur. Viðhald húsa og áhalda lækkar um 100 þús. kr., til bóka og áhalda hækkar um 75 þús. kr. og til bókasafns nemenda um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

VII. *Menntaskólinn á Laugarvatni*. Stundakennsla hækkar um 144 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 50 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 3 þús. kr., námsstyrkir um 10 þús. kr., námsferðir 2500 kr. og til bókasafns og áhalda um 15 þús. kr. Til bókasafns nemenda hækkar um 5 þús. kr. og viðhaldskostnaður 100 þús. kr.

VIII. *Kennaraskólinn* hækkar alls um 2351 þús. kr. Fjöldi starfsmanna er óbreyttur, en miðað er við, að fulltrúi, sem til þessa hefur starfað hálfan daginn, starfi framvegis allan daginn. Stundakennsla hækkar um 1718 þús. kr. vegna mikillrar fjölgunar nemenda í skólanum. Prófkostnaður hækkar um 30 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 70 þús. kr. og námsstyrkir um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

2. *Handiðadeild*. Stundakennsla hækkar um 13 þús. kr., annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr.

IX. *Tækniskólinn*. Tillögur um fjárveitingar eru sundurliðaðar á annan hátt en í núgildandi fjárlögum. Heildarrekstrarkostnaður skólans árið 1966 er áætlaður 2579 þús. kr., en er í fjárlögum yfirstandandi árs veitt til skólans 3252 þús. kr. fyrir tímabilið frá 15. september 1964 til ársloka 1965. Þess ber þó að geta, að í síðargreindu fjárhæðinni er meðtalin 250 þús. kr. kostnaður við undirbúning að stofnun skólans.

X. *Vélskólinn*. Stundakennsla hækkar um 50 þús. kr. og til verklegrar kennslu um 5 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.

XI. *Iðnfræðsla*.

1. *Iðnskólinn í Reykjavík*. Laun hækka um 597 þús. kr., m. a. vegna launa þriggja nýrra kennara. Annar kostnaður hækkar um 370 þús. kr.

2. *Til iðnskóla utan Reykjavíkur*. Stundakennsla hækkar um 237 þús. kr. og annar kostnaður lækkar um 278 þús. kr.

3. *Til listiðnaðardeildar handiðaskólans*. Laun hækka um 199 þús. kr., m. a. vegna launa eins nýs kennara. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr.

XII. *Almenn barnafræðsla*. Framlög til barnafræðslu hækka um 18 839 þús. kr. miðað við raunveruleg fjárlög á árinu 1965. Fjöldi fastra kennara minnkar um þrjú, þrátt fyrir að ráðið verður í fimmtán nýjar stöður við skólana. Hins vegar fækkar farkennurum um átján. Laun hækka um 7353 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 981 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 973 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 3027 þús. kr. Laun ráðskvenna hækka um 230 þús. kr. og ráðskonustyrkir um 200 þús. kr. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa hækkar um 450 þús. kr. Niður falla liðirnir: Styrkur til tímaritsins „Menntamál“ gegn því, að ritið sé sent öllum skólaneftardarmönnum ókeypis og Styrkur til tímaritsins „Heimili og skóli“, samtals að fjárhæð 30 þús. kr. Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 5654 þús. kr., miðað við raunveruleg framlög á yfirstandandi ári.

XIII. *Gagnfræðamenntun*. Framlög til gagnfræðamenntunar er lagt til að hækka um 13 833 þús. kr., ef miðað er við raunveruleg framlög á þessu ári. Kennurum fjölga um 17, og hækka laun um 5242 þús. kr. m. a. af þeim sökum. Stundakennsla hækkar um 417 þús. kr. Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 5400 þús. kr. Til lagfæringar á húsnæði heimavistarskóla vegna gistihúsaþalts er lagt til að veita 800 þús. kr. eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári. Kostnaður við miðskólapróf hækkar um 25 þús. kr. Prófkostnaður við mótornámskeið Fiskifélags Íslands hækkar um 20 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður skólanna hækkar að frádregnum hækkunum á tekjum um 2708 þús. kr.

XIV. *Stofnkostnaðarframlag vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga, er*

fullsmíðaðar voru 1954, er lagt til að verði 560 þús. eða jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XV. *Til lagningar skólþveitu vegna skólanna* er lagt til að veita 400 þús. kr. eða sömu fjárhæð og veitt er á yfirstandandi ári.

Til framkvæmda á Rafnseyri, 500 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur niður.

XVI. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum*.

1. *Húsmæðrakennaraskólinn*. Stundakennsla og aðstoð hækkar um 17 þús. kr., prófkostnaður um 11 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 33 þús. kr. og annar kostnaður um 19 þús. kr. Kennsluáhöld hækka um 10 þús. kr., viðhaldskostnaður um 27 þús. kr., æfingakennsla um 10 þús. kr., en námsdvöl að Laugarvatni, sem er 50 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum*. Laun hækka um 272 þús. kr., m. a. vegna þess að ráðinn er fastur kennari að Húsmæðraskólanum á Akureyri. Stundakennsla lækkar um 88 þús. kr., cinkum vegna fastráðningar framangreinds kennara. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 141 þús. kr.

XVII. *Hjúkrunarskóli Íslands*. Fæðiskostnaður hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 75 þús. kr. Tekjur hækka um 50 þús. kr.

XVIII. *Til íþróttamála*.

1. *Til íþróttakennaraskóla Íslands*. Stundakennsla hækkar um 10 þús. kr., prófkostnaður um 1000 kr. og ræsting, ljós og hiti um 5 þús. kr. Viðhald á íþróttahúsi hækkar um 75 þús. kr. Gerðar eru tillögur um tvo nýja liði: Viðhaldskostnað íþróttavalla, 25 þús. kr. og kostnað við skólástjórn, 10 þús. kr. Tekjur hækka um 75 þús. kr.

2. *Til íþróttasjóðs* er lagt til að veita 3.4 millj. króna eða jafnhátt framlag og raunverulegt framlag á yfirstandandi ári nemur.

4. *Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar* lækkar um 1 þús. kr. Niður falla liðirnir: Til Olympíunefndar Íslands vegna Olympíuleikanna 1964, 150 þús. kr. í fjárlögum nú, og til frjálsíþróttasambands Íslands vegna landskeppni, 50 þús. kr. í fjárlögum nú.

8. *Til yfirbyggingar sundlaugar á Siglufirði* er miðað við að veita 240 þús. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XIX. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja*. Lagt er til, með hliðsjón af reynslu s. l. árs, að hækka kaup starfsstúlkna um 110 þús. kr. Til áhaldakaupa hækkar um 75 þús. kr., námsferðir um 2 þús. kr. og styrkur til bókasafns um 1 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 15 þús. kr.

XX. *Skólaheimilið Bjarg, Seltjarnarnesi*. Á s. l. sumri tók til starfa á vegum Hjálpræðishersins, að Bjargi á Seltjarnarnesi, uppeldisheimili fyrir unglingsstúlkur, sem lent hafa á glapstígum. Miðað er við, að greiddir verði úr ríkissjóði ¼ hlutar daggjalda viststúlkna, sbr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 4. gr. laga nr. 78/1936. Eru því gerðar tillögur um fjárveitingar að upphæð 300 þús. kr. vegna yfirstandandi árs og 700 þús. vegna næsta árs.

XXI. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 100 þús. kr. Niður er felldur liðurinn: *Til Menningar- og fræðslusambands alþýðu*, 5 þús. kr. í fjárlögum nú.

XXIX. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga*. Annar kostnaður hækkar um 37 þús. kr. Tekjur hækka um 48 þús. kr.

XXX. *Til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur* er lagt til að veita 240 þús. kr. eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

XXXII. *Til styrktar erlendum námsmönnum í islenskum skólum, skv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins* hækkar um 126 þús. kr. vegna fjölgunar námsmanna og hækkunar á framfærslukostnaði.

XXXVII. *Námsstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla*.

a. Annar kostnaður hækkar um 23 þús. kr.

b. *Fræðslustjórnin í Reykjavík*. Annar kostnaður (¼ skrifstofukostnaðar) hækkar um 100 þús. kr.

XXXVIII. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

XXXIX. *Áætlaður hluti rikissjóðs af kostnaði,* vegna yfirvinnu fastra kennara, eftirvinnu og eyðu í stundaskrá svo og hækkun stundakennarakaups við barna-, iðn- og húsmæðraskóla hækkar um 4.0 millj. króna. Hækkunin stafar einkum af því, að kostnaðarhluti rikissjóðs var of hátt áætlaður í fjárlögum 1964 eða 10 millj. kr. Um 4 millj. kr. af þeirri fjárveitingu voru ónotaðar um síðustu áramót og voru yfirfærðar til greiðslu á kostnaðarhluta rikissjóðs á þessu ári.

XL. *Til Ríkisútgáfu námsbóka,* $\frac{1}{3}$ hluti kostnaðar, gegn $\frac{2}{3}$ hlutum af námsbókaqjaldi hækkar um 565 þús. kr., vegna hækkaðs kostnaðar útgáfunnar.

XLI. *Til upptökuheimilis að Elliðahvammum* hækkar um 22 þús. kr.

XLII. *Til eftirlits með skólabyggingum.* Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

XLIII. *Til Blindravinafélags Íslands vegna rekstrar Blindraskólans* hækkar um 18 þús. kr.

XLV. *Styrkur til byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta við Háskóla Íslands* er lagt til að verði 800 þús. kr. eða jafnhár raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XLVII. *Til mótuneytis stúdenta* er nýr liður, að fjárhæð 107 þús. kr., sem er greiðsla á launum ráðskonu mótuneytisins.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Liðurinn: Til að gera mikrofílmur af handritum, að fjárhæð 35 þús. kr., fellur niður, en gerð er tillaga um nýjan lið: Til efniskaupa vegna myndagerðar, 50 þús. kr. Til endurbóta á landsbókasafnshúsi lækkar um 96 þús. kr., ýmis gjöld hækka um 40 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Til mikrofílmunar á skjölum hækkar um 10 þús. kr., en til ljósritunar kirkjubóka lækkar um 10 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Til aðstoðar, tímavinna, til þess að útvega gripi, til áhalda og aðgerðar safngripa, bóka og ritfanga hækkar um 50 þús. kr. Til rannsóknna og ferðalaga hækkar um 15 þús. kr. Til hljómplötusafns hækkar um 10 þús. kr. og til rekstrar og viðhalds húss og lóðar hækkar um 70 þús. kr. Til viðgerðar á skjölum er nýr liður, að fjárhæð 20 þús. kr.

Niður fellur liðurinn: *Til stofnunar skólamínjasafns*, 25 þús. kr.

Liðir nr. IV. og V. í frumvarpi þessu eru þeir sömu og nr. LXXXII. og LXXXIII. í núgildandi fjárlögum.

VI. *Listasafn Íslands.* Þóknun safnráðs lækkar um 12 þús. kr.

VII. *Til listasafns Einars Jónssonar.* Til ljósa og hitunar hækkar um 10 þús. kr. og ýmis kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

IX. *Til byggingar listmálahúss* er nýr liður, að fjárhæð 139 þús. kr. Í ráði er að reisa hús, sem á að verða íbúð og vinnustofa fyrir listmálara. Fyrirhugað er enn fremur að bjóða Jóhannesi Sv. Kjarval fyrstum afnot af húsinu. Seðlabankinn mun gefa 750 þús. kr. til húsbyggingarinnar, en helming kostnaðarverðs hússins lánar byggingarsjóður Listasafns Íslands með venjulegum vaxtakjörum til 10 ára. Þetta framlag, sem tillagan er gerð um, er ætlað til greiðslu á vöxtum og afborgunum af láni Listasafnsins.

XV. *Til náttúruverndarráðs samkvæmt lögum* hækkar um 50 þús. kr.

XVII. *Safnahúsið.* Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 23 þús. kr. Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 20 þús. kr. og ýmis gjöld um 75 þús. kr.

XVIII. a. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn.*

Til bæjar- og héraðsbókasafna hækkar um 100 þús. kr. og til sveitabókasafna og lestrarfélaga um 160 þús. kr. Til bókasafna skóla og annarra opinberra stofn-

ana hækkar um 30 þús. kr. og til húsabóta almenningsbókasafna um 260 þús. kr., en liðurinn til byggingar bókasafna og lesstofa, 450 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður sem sérstakur liður.

b. Tillaga um styrki til bókasafna og lesstofa, 89 þús. kr., er ekki sundurliðuð eins og áður, heldur er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið ákveði skiptingu styrksins.

Aðrar tillögur um fjárveitingar samkvæmt þessari grein eru mjög breyttar frá því, sem jafnan hefur verið í fjárlögum. Nú er leitast við að sameina ýmsa styrki og framlög í heildarfjárframlög og jafnframt lagt til, að menntamálaráðuneytinu eða öðrum aðilum verði falin skipting þeirra. Þá eru ekki heldur gerðar tillögur um fjölmargar smærri fjárveitingar, sem nú eru í fjárlögum. Við gerð tillagna um greindar heildarfjárveitingar hefur verið fylgt þeirri meginreglu, að heildarfjárhæðirnar skyldu ekki vera lægri en samanlagðir styrkir til skyldra málefna eru í núgildandi fjárlögum. Ekki þykir ástæða til að greina sérstaklega frá fjárveitingum á 14. gr. B. núgildandi fjárlaga, sem nú er ekki gerð tillaga um. Þessar breytingar hafa að sjálfsögðu í för með sér mikla röskun á númerum þeirra liða, er eftir standa.

XIX. *Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins* er nýr liður að fjárhæð 1 680 þús. kr.

XXIII. *Til málnefndar:*

a. Til nýyrðasöfnunar og leiðbeininga, er miða að málvernd, hækkar um 31 þús. kr.

c. Til útgáfu „Nýyrða V“ er nýr liður að fjárhæð 136 þús. kr.

XXVIII. *Styrkur til tónlistarstarfsemi samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins:*

Gerð er tillaga um nýtt framlag að fjárhæð 1122 þús. kr. í greindu skyni.

XXXI. *Til Leikfélags Reykjavíkur, sbr. lög nr. 15/1965* er lagt til að veita 200 þús. kr.

XLII. *Styrkur til Myndlistaskólans í Reykjavík* hækkar um 85 þús. kr.

XLIX. *Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga.*

Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins hækkar um 10 þús. kr.

LIII. *Þjóðgarðurinn á Þingvöllum:*

Laun þjóðgarðsvarðar hækka um 5 þús. kr. Til umbóta og viðhalds hækkar um 8 þús. kr.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið.* Skrifstofukostnaður hækkar um 20 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófaste.* Miðað er við sama fjölda starfandi sóknarpresta og prófaste á næsta ári. Prestmötuandvirði, úttektarkostnaður á prestssetrum, vextir af seldri prestmötu, jarðabótagreiðslur, girðingar o. fl., sem áður var greitt úr prestlaunasjóði, hækkar um 200 þús. kr.

III. *Til íslenzks prests í Danmörku* lækkar um 160 þús. kr. vegna þess, að af fjárlögum yfirstandandi árs var greiddur rekstrarkostnaður árána 1964 og 1965.

V. *Til eflingar kirkjusöngs samkv. ráðstöfun söngmálastjóra* hækkar um 55 þús. kr. m. a. til að standa undir auknum útgjöldum Tónskóla þjóðkirkjunnar.

VII. *Kostnaður við kirkjuráð (sbr. 17. gr. laga nr. 43/1957)* lækkar um 10 þús. kr.

VIII. *Kostnaður við kirkjuþing* er nýr liður, að fjárhæð 185 þús. kr., til greiðslu kostnaðar við kirkjuþing, sem háð eru annað hvort ár.

XXII. *Kostnaður við ársfund framkvæmdanefndar Lútherska heimssambandsins* lækkar um 139 þús. kr.

Kostnaður við Skálholtshátið fellur niður.

XXVI. *Eftirstöðvar af byggingarkostnaði Skálholtskirkju*, 60 þús. kr., er 640 þús. kr. lægri en í núgildandi fjárlögum.

XXVII. *Til byggingar Hallgrimskirkju í Reykjavík*, 800 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi yfirstandandi árs.

XXIX. *Til vatnsveitu í Skálholti* lækkar um 40 þús. kr.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins* lækkar um 679 þús. kr. vegna hækkandi verðlags og launa.

3. *Til sama, til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra*. Annar kostnaður lækkar um 15 þús. kr.

4. *Til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfélags Íslands*. Ferðakostnaður, húsaleiga, aðstoð o. fl. lækkar um 30 þús. kr.

5. *Gjöld samkv. jarðræktarlögum:*

A. *Vegna I. kafla laganna:*

Lögboðinn hluti af kaupum héraðsráðunauta lækkar um 530 þús. kr., m. a. vegna launa tveggja nýrra héraðsráðunauta.

B. *Vegna II. kafla laganna:*

Jarðræktarframlög hækka um 15560 þús. kr. vegna stóraukinna jarðræktarfrankvæmda á árinu 1964 miðað við árið 1963. Til framræslu samkv. 10. gr. II. a. lækkar um 4060 þús. af sömu ástæðu.

C. *Vegna III. kafla laganna:*

Til stjórnar Vélasjóðs, sbr. 18. gr. laganna, lækkar um 50 þús. kr.

7. *Gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsgæðarsamþykktir í sveitum:*

Kostnaður við athuganir og mælingar samkv. 5. gr. laganna lækkar um 50 þús. kr. Til kaupa á jarðræktarvélum er lagt til að veita 1.0 millj. kr. eða jafnháa fjárhæð og raunverulegt framlag á yfirstandandi ári.

9. *Til verkfæranefndar ríkisins, enda birti hún árlega skýrslu um störf sín* lækkar um 25 þús. kr.

11. *Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 21/1965:*

a. Nautgriparrækt lækkar um 90 þús. kr.

b. Sauðfjárrækt lækkar um 68 þús. kr.

c. Hrossarækt 1. Almenn framlög hækka um 40 þús. kr.

d. Til sæðingarstöðva. Annar rekstrarkostnaður lækkar um 70 þús. kr.

13. *Til Tilraunaráðs búfjárræktar* lækkar um 50 þús. kr.

14. *Til jarðræktartilrauna*. Rekstrarkostnaður lækkar um 100 þús. kr. Stofnkostnaður er áætlaður 640 þús. eða jafnhár raunverulegu framlagi þessa árs.

15. *Framlag samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum:*

c. Samkvæmt 4. gr. 3. Árlegt framlag til Stofnlánadeildar móti 1% álagi á söluvörur landbúnaðarins samkvæmt 4. gr. 2 (áætlað) lækkar um 6500 þús. kr., en áætlað framlag í fjárlögum þessa árs er of lágt.

18. *Til fyrirhleðslna* er lagt til að veita 680 þús. kr., eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á yfirstandandi ári.

19. *Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar* að er lagt til að veita 590 þús. kr., þ. e. sömu fjárhæð og raunverulega er veitt í þessu skyni á yfirstandandi ári.

20. *Til sjóvarnargarða* er lagt til að veita 1280 þús. kr., sem er hið sama og raunverulegt framlag á yfirstandandi ári.

21. *Til sandgræðslu:*

Til sandgræðslustöðva og gróðurverndar lækkar um 1.0 millj. kr. með tilliti til væntanlegra útgjalda ríkissjóðs vegna ákvæða laga nr. 17/1965 um landgræðslu. Til nýrra sandgræðslugirðinga er áætlað að veita 1600 þús. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs. Skrifstofukostnaður lækkar um 5 þús. kr. „Til húsbýgginga vegna bruna“, 200 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður.

23. *Til skógræktar:*

Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum lækka um 106 þús. kr. Til skógræktarféлага, 640 þús. kr., er sama upphæð og raunverulega var veitt á yfirstandandi ári. Fjárfestingarliðir eru áætlaðir 420 þús. kr., sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

25. *Til Garðyrkjufélags Íslands* hækkar um 10 þús. kr.

26. *Veidimálaskrifstofan*. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

29. b. *Kostnaður samkv. lögum frá 8. maí 1965, um eyðingu svartbaks*, er nýr liður að fjárhæð 300 þús. kr.

30. *Til dýralækna*. Styrkir til að stunda dýralækningar samkv. 18. gr. dýralæknalaga frá 1947 lækka um 8 þús. kr.

33. *Kostnaður við berklapróf í nautgripum* hækkar um 5 þús. kr.

44. *Kostnaður við sauðfjárskjúðmavarnir*. Bætur vegna fjárfögunar, uppeldisstyrkur, aðrar bætur og styrkir lækka um 11850 þús. kr., vegna þess að lokið verður á þessu ári að greiða allháar afurðatjónsbætur til Dalamanna o. fl. Ekki er nú vitað til að greiða þurfi á næsta ári stórfelldar afurðatjónsbætur vegna fjárskipta. Til rannsókna á garnaveiki og mæðiveiki hækkar um 200 þús. kr. Aukafjárveiting við gerð Dalagirðingar o. fl. fellur niður. Flutningskostnaður líflamba haustið 1965 fellur niður. Til greiðslu vaxtamismunar vegna fjárfögunar fellur niður og einnig verðhækkun á líflömbum frá hausti 1963 til hausts 1964. Gerð er tillaga um nýtt framlag, aukafjárveitingu vegna ársins 1964, að fjárhæð 2422 þús. kr., þar sem nokkrir liðir hjá Sauðfjárveikivörnunum reyndust of lágt áætlaðir það ár.

39. *Til nautgriparæktarsambanda vegna stofnunar tilraunabúa til afkvæmarannsóknna*, þó ekki yfir $\frac{1}{2}$ kostnaðar hækkar um 15 þús. kr.

40. *Til ráðningarstofu landbúnaðarins* hækkar um 20 þús. kr.

41. *Búnaðarkennsla:*

a. *Bændaskólinn á Hólum*. Til verklegs náms hækkar um 30 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 50 þús. kr. og til verkfæraakaupa hækkar um 65 þús. kr. Til borunar eftir heitu vatni lækkar um 30 þús. kr.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri*. Stundakennsla hækkar um 13 þús. kr., hiti, ljós og ræsting hækkar um 80 þús. kr. og viðhald um 25 þús. kr. Til framhaldsdeildar hækkar um 50 þús. kr., til undirbúnings framhaldsnáms hækkar um 35 þús. kr., til bókasafns um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum*. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 þús. kr., viðhald skólahúsa um 50 þús. kr. og til jarðborana og hitaveitu hækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 5 þús. kr.

42. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða:*

Gert er ráð fyrir launum til 31 kennara á næsta ári, sem er einum kennara færra en á þessu ári, þar sem kennari við Húsmæðraskólann á Hallormsstað hættir störfum. Stundakennsla og umsjón hækkar um 195 þús. kr. og viðhald og annar kostnaður hækkar um 204 þús. kr. Orlofs- og forfallakennsla hækkar um 7 þús. kr.

Til byggingar skóla, eldri áfangar, lækkar um 707 þús. kr. Til byggingar skólahúsa og kennarabústaða hækkar um 1700 þús. kr.

44. *Til Kvenfélagasambands Íslands, til greiðslu á launum og lífeyrisjóðsgjaldi ráðunautar* hækkar um 11 þús. kr.

47. *Mat á landbúnaðarvörum*. Laun kjötmatsmanna lækka um 11 þús. kr., laun ullarmatsmanna lækka um 41 þús. kr. og ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr.

48. *Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum* er lagt til að verja 50 þús. kr. eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

49. *Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum* er lagt til að veita 65 þús. kr., sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

Til byggingar varnargarða vegna hættu á Kötflugosi og jökulhlaupi í sambandi við það, 900 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

Til Hússtjórnarkennarafélags Íslands vegna þinghalds sumarið 1965. Liðurinn fellur niður.

52. *Til landþurrkunar í Rangárvallahreppi neðan Þverár er lagt til að veita 40 þús. kr., sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.*

53. *Vegna hækkunar hlutafjár í Iceland Food Center í London er nýr liður að fjárhæð 1500 þús. kr. Í 22. gr. fjárlaga 1965 er ríkisstjórninni heimilað að verja allt að 2.5 millj. kr. til aðildar að sölustöð í London fyrir íslenskar matvörur, fyrst og fremst til að kynna íslenskar landbúnaðarvörur. Á ríkið helming hlutafjár í fyrirtæki þessu. Nú hefur komið í ljós, að stofnkostnaður verður mun meiri en áætlað var. Er gert ráð fyrir að hluthafar auki hlutafé sitt í réttu hlutfalli við stofnfjáreign, svo að auðið verði að koma fyrirtækinu í gang.*

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands lækkar um 2512 þús. kr., sem stafar af því, að Rannsóknarstofa Fiskifélagsins hefur verið gerð að sérstakri stofnun, er nefnist Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og er áætlun fyrir hana á 16. gr. E. I. 3. í frumvarpinu.*

3. *Til alþjóðahafrannsóknna hækkar um 40 þús. kr.*

4. *Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins hækkar um 35 þús. kr. vegna launa-hækkana.*

5. *Til haf- og fiskirannsóknna hækkar um 600 þús. kr. vegna rannsóknna á vorgotssild.*

8. *Til aflatryggingasjóðs hækkar um 1500 þús. kr. vegna vaxandi útflutnings.*

10. *Til Fiskveiðasjóðs Íslands samkv. 3. gr. laga nr. 1/1964 hækkar um 1700 þús. kr.*

11. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

a. *Fiskmat.* Skrifstofukostnaður hækkar um 35 þús. kr., kostnaður við námskeið fiskmatsmanna um 30 þús. kr., ferðakostnaður um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 42 þús. kr.

b. *Sildarmat.* Tímakaup matsmanna hækkar um 33 þús. kr., og annar kostnaður um 38 þús. kr.

Tekjur eru, með hliðsjón af reynslu s. l. árs, áætlaðar um 200 þús. kr. lægri en í núgildandi fjárlögum.

13. *Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum hækkar um 4 þús. kr.*

15. *Til greiðslu kostnaðar við athugun á hávaða frá aflskrúfum fiskiskipa. Liðurinn fellur niður.*

Um 16. gr. C.

2. *Til iðnaðarmálastofnunar Íslands.* Framlagið er nú sundurgreint í laun og annan kostnað, og hækkar um 203 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

7. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, 1780 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.*

8. *Styrkur til byggingar iðnskóla á Akureyri, 750 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs.*

9. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði, 900 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi fjárlaga þessa árs.*

11. *Til vörusýninga og vörukynninga erlendis hækkar um 43 þús. kr.*

12. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 2 þús. kr. Til kaupa á hávaðamæli fellur niður. Tekjur hækka til jafns við hækkuð gjöld.

13. *Kostnaður við öryggisráð hækkar um 10 þús. kr.*

15. *Til verkstjóranámskeiða hækkar um 50 þús. kr.*

Um 16. gr. D.

I. *Stjórn raforkumála*. Annar kostnaður lækkar um 2 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir*. Skrifstofukostnaður hækkar um 164 þús. kr. Mælingar og áætlunargerð lækka um 1419 þús. kr., þar sem ákvörðun um virkjun við Búrfell þrengir nokkuð það svið, sem framkvæma þarf virkjunarrannsóknir á, suðvestanlands. Tekjur úr Raforkusjóði lækka til jafns við lækkun á útgjöldum í þessu skyni, eða um 1.0 millj. króna.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins. Gjöld*: Rekstrarkostnaður veitna hækkar um 8.6 millj. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar. Til aukningar er áætlað að veita 90 millj. kr., sem er 16 millj. króna lægra en í gildandi fjárlögum. Stærstu liðirnir í þessari fjárhæð eru eftirfarandi: Aukningar á veitum í rekstri, endurbygging gamalla bæjarkerfa, undirbúningur verka eftir 1966, endurnýjun bifreiða o. fl. um 33 millj. króna, nýjar sveitaveitur fyrir 28 millj. króna og dieselrafstöðvar fyrir rafmagnsveiturnar áætlað um 29 millj. króna.

Rekstrartekjur veitnanna eru áætlaðar 160.8 millj. kr. eða jafnháar gjöldum, sem er 45.8 millj. kr. hærra en þær eru áætlaðar í fjárlögum þessa árs. Framlag til greiðslu á rekstrarhalla veitnanna, 40 millj. kr. í fjárlögum nú, fellur því niður. Gert er ráð fyrir að sjá veitunum fyrir tekjuauka sem þessu nemur.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins*. Skrifstofukostnaður lækkar um 200 þús. kr., ferðakostnaður hækkar um 195 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 152 þús. kr.

Tekjur. Gert er ráð fyrir, að árgjöld rafveitna hækki um 200 þús. kr. og vextir hækki um 10 þús. kr.

XI. *Jarðhitadeild*. Skrifstofukostnaður hækkar um 460 þús. kr. og annar rannsóknarkostnaður um 1296 þús. kr. Áhaldakostnaður hækkar um 200 þús. kr. Rekstrarkostnaður jarðbora lækkar um 6650 þús. kr., vegna endurskipulagningar og fyrirhugaðra breytinga á starfsemi jarðhitadeildarinnar.

Tekjur: Seld verk hækka um 2.8 millj. kr. Lánsfé, sem er 6989 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

XII. *Til rafvæðingar í sveitum* kemur í stað liðarins: „Til nýrra raforkuframkvæmda“ í fjárlögum nú. Lagt er til að veita sömu upphæð og raunverulega var veitt í þessu skyni í ár.

Um 16. gr. E.

I. *Rannsóknastofnanir*:

1. *Rannsóknastofnun iðnaðarins* er ný stofnun, sem kemur í stað Iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans samkv. lögum frá síðasta þingi. Laun hækka um 280 þús. kr. m. a. vegna fjölgunar í starfslíði um einn ritara. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 100 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 100 þús. kr.

2. *Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins* tekur við starfsemi Byggingadeildar Atvinnudeildar Háskólans. Laun hækka um 315 þús. kr. m. a. vegna ráðningar nýs arkitekts. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

3. *Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins* kemur í stað Rannsóknastofnunar Fiskifélags Íslands. Til kaupa á nýju tæki er lagt til að veita 320 þús. kr. og annar kostnaður 2500 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 1600 þús. kr.

4. *Hafrannsóknastofnunin* tekur við starfsemi Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans. Fjöldi starfsmanna er áætlaður óbreyttur. Annar kostnaður hækkar um 300 þús. kr.

5. *Rannsóknastofnun landbúnaðarins* tekur við starfsemi Búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans. Gert er ráð fyrir launum eins nýs ritara. Annar kostnaður hækkar um 855 þús. kr. Liðurinn „Kortlagning jarðvegs“, sem er 125 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður. Gróðurkortagerð afréttarlanda lækkar um 25 þús. kr.

Liðirnir: Til uppgræðslutilrauna á hálendinu, til ullarrannsóknna og til rannsóknna á lifnaðarháttum gæsa falla niður.

g. Fjarræktarbú á Hesti. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. Gert er ráð fyrir að tekjur aukist um 350 þús. kr. vegna bústofnsaukningar, sem orðið hefur á liðnum árum.

h. Tilraunastöðin á Korpúlfsstöðum. Laun hækka um 32 þús. kr. Stofnkostnaður lækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

6. *Sameiginleg skrifstofa rannsóknastofnananna* kemur í stað liðarins: *Sameiginlegur kostnaður* hjá Atvinnudeild Háskólans. Laun lækka um 87 þús. kr. vegna þess, að tveir ritarar skrifstofunnar munu starfa framvegis hjá rannsóknastofnunum iðnaðarins og landbúnaðarins. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 560 þús. kr. Til viðhalds húss hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 290 þús. kr. Niður falla liðir, sem eru í núgildandi fjárlögum: Til kaupa á símstöð og til endurbóta á efnagreiningasal samtals að fjárhæð 600 þús. kr.

II. *Til rannsóknaráðs.* Annar kostnaður hækkar um 90 þús. kr. Niður fellur liðurinn: „Framlög til rannsókna skv. ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknaráðs“. Gerðar eru tillögur um tvo nýja liði: „Til að koma á fót upplýsingaþjónustu“ 200 þús. kr. og „til greiðslu skuldar við Sölunefnd varnarliðs-eigna vegna bifreiðakaupa“ 55 þús. kr.

III. *Löggildingarstofan.* Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

I. *Sveitarstjórnarmál:* Um 17. gr.

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og sveitabörpa.* Ferðakostnaður við eftirlit er með hliðsjón af reynslu s. l. árs hækkaður um 100 þús. kr. Hluttaka ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga skv. ákv. 34. gr. 2. mgr. skipulagslaga hækkar um 106 þús. kr. Niður fellur liðurinn: „Til skipulags miðsvæðis í Kópavogi“, 75 þús. kr. í fjárlögum nú. Annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr. Tekjur hækka til jafns við hækkuð gjöld.

2. *Til Bjargráðsajóðs Íslands* hækkar um 25 þús. kr.

3. *Til vatnsveitna samkvæmt lögum* er lagt til að veita 1600 þús. kr. eða jafnháa upphæð og raunverulegt framlag í ár.

4. *Til vatnsöflunar fyrir Kelduhverfi* er nýr liður að fjárhæð 70 þús. kr.

Niður falla þessir liðir í núgildandi fjárlögum: „*Til vatnsöflunar fyrir Leirá í Melasveit, býlin Furubrekku og Foss, Arnarstapabýli og fyrir Vestmannaeyjar,*“ sem eru samtals að fjárhæð 215 þús. kr.

5. *Til aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna* er lagt til að veita 2.4 millj. króna eða jafnmikið fé og raunverulegt framlag þessa árs nemur.

6. *Til Egilsstaðakaupþúns samkv. lögum nr. 58/1957* lækkar um 520 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 58/1957, um Egilsstaðakaupþún, ber ríkisstjórninni að koma upp gatnakerfi og skulpveitu í Egilsstaðakaupþúni. Samkvæmt áætlunum þeim, sem gerðar hafa verið um kostnað við skulpveituna, á þessa árs fjárveiting að nægja til að ljúka henni. Lagt er til, að veittar verði á næsta ári 80 þús. kr. til vegagerðar í Egilsstaðakaupþúni.

II. *Húsnæðismál:*

1. a. *Húsnæðismálastofnun ríkisins.*

b. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sbr. 4. gr. laga nr. 56/1962, er lagt til að veita 20 millj. króna eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

2. *Framlag til byggingarsjóðs verkamanna* er lagt til, að verði 6.4 millj. króna, sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

3. *Húsaleigueftirlit* lækkar um 20 þús. kr.

5. *Til húsnæðismála skv. 4. gr. laga nr. 19/1965* er nýr liður að fjárhæð 40.0 millj. króna.

Miðað er við, að Húsnæðismálastofnun ríkisins fái í samræmi við ákv. 4. gr. l. nr. 19/1965 40.0 millj. króna tekjur af eignarskatti.

III. Vinnumál.

1. *Félagsdómur*. Til útgáfu V. bindis dóma Félagsdóms hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.
3. *Sáttanefndir í vinnudeilum* hækkar um 150 þús. kr.
Til Iðnnemasambands Íslands, 50 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.
7. *Til orlofsheimila verkalýðssamtaka* er lagt til að veita 1.6 millj. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.
8. *Til orlofssjóðs húsmæðra* hækkar um 200 þús. kr., vegna of lágra framlaga undanfarið.
9. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaga* hækkar, með hliðsjón af reynslu s. l. árs, um 450 þús. kr.
11. *Framlag til ILO* hækkar um 89 þús. kr., vegna aukins rekstrarkostnaðar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
12. *Framlag til starfsþjálfunarstöðvar á vegum ILO í Torino* er nýr liður að fjárhæð 315 þús. kr. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur komið á fót alþjóðlegri þjálfunarstöð í Torino á Ítalíu. Hlutverk stöðvarinnar er að veita fólki frá vanþróuðum löndum þjálfun í störfum. Rétt hefur þótt að leggja til, að Ísland veitti framlag til stöðvarinnar, sem miðaðist við sömu hlutfallstölu og framlög Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar miðast við, en það yrði um 7300 dollarar.
13. *Til atvinnubótasjóðs* er lagt til að veita 15 millj. króna á næsta ári, en það er 5.0 millj. kr. hærrí fjárhæð en veitt er á yfirstandandi ári. Tillagan er í samræmi við frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnubótasjóð, sem lagt mun verða fyrir Alþingi á þessu hausti.

IV. Almannatryggingar:

1. *Framlag samkv. 23. gr. laga nr. 40/1963* hækkar um 51.3 millj. kr., en 12.8 millj. kr. af framlaginu í ár er áætlað á 19. gr. fjárlaga í liðnum: „Hækkun útgjalda vegna áætlaðrar 3% launahækkunar.“ Gert er ráð fyrir því, að bætur aðrar en fjölskyldubætur hækki frá 1965 um 8 til 9%, er þar um 5,2% hækkun að ræða vegna grunnhækkunar og vísitölu og um 3% vegna fjölgunar. Útgjaldahluti ríkissjóðs á næsta ári er áætlaður 478.3 millj. kr., en á því ári þarf auk þess að jafna yfirfærðan halla frá yfirstandandi ári vegna 8.9% hækkunar bóta, samkv. lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta frá 1. júlí s. l., en sá halli er áætlaður 8.6 millj. kr., þannig að framlagið verður samtals 486.9 millj. kr.
2. *Framlag til sjúkratrygginga samkv. 55. gr. laga nr. 40/1963* hækkar um 23.4 millj. kr., en 3.6 millj. kr. af framlaginu í ár er áætlað á 19. gr. fjárlaga í liðnum: „Hækkun útgjalda vegna áætlaðrar 3% launahækkunar.“ Hækkunin stafar einkum af hækkun á daggjöldum á sjúkrá húsum og hælum þar á meðal hækkun á daggjöldum fyrir utanhéraðsmenn, en auk þess stafar hækkunin af vanáætlun í ár og fjölgun hinna tryggðu.
3. *Framlag til atvinnuleysistrygginga samkv. lögum nr. 29/1956* hækkar um 12 925 þús. kr., þar af um 7 425 þús. kr. vegna greiðslu vaxta og afborgana af láni í Seðlabankanum til greiðslu á framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga 1962. Lánið er til fjögurra ára og verður fjórða og síðasta greiðsla vaxta og afborgana árið 1966. Látst hefur að áætla í fjárlögum þessa árs fyrir þriðju greiðslu vaxta og afborgana af láninu og kemur sú upphæð því sem umframgreiðsla á þessu ári. Að öðru leyti stafar hækkunin, þ. e. 5.5 millj. kr., af kauphækkunum verkafólks, er orðið hafa að undanfögnu, og fjölgun vinnuvikna.

V. Önnur félagsmál:

1. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla*. Styrkur til berklasjúklinga hækkar um 461 þús. kr., berklaræktanir um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr. Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga hækkar um 12 648 þús. kr.
2. *Önnur ríkisframfærsla*. Gjöld samkv. 21. gr., 22. gr. og 23. gr. framfærslu-laga hækka um 100 þús. kr., til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis

hækkar um 50 þús. kr. og greiðsla með börnum erlendra manna samkv. 3. bráða-
birgðaákvæði framfærslulaga hækkar um 100 þús. kr.

4. *Til Sambands islenskra berklasjúklinga* hækkar um 141 þús. kr., sem stafar af hækkuðum læknaunum. Niður fellur liðurinn: „*Til sjúkraflugs í Ár-
neshreppi*“ 25 þús. kr. í fjárlögum nú.

9. *Til sumarvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr bæjum
og kaupþunum gegn jöfnu framlagi annars staðar* að hækkar um 250 þús. kr.

10. *Til dagheimila, byggingarstyrkir*, er lagt til að veita í einu lagi 300 þús.
kr. í stað byggingarstyrkja til dagheimila á sjö stöðum utan Reykjavíkur, sam-
tals að fjárhæð 550 þús. kr.

Niður falla liðirnir: „*Til barnaheimilis að Kumberavogi til umbóta á hús-
næði*“, 50 þús. kr. í fjárlögum nú, og „*Til byggingar kvennaheimilisins Hallveigar-
staða*“, 200 þús. kr. í fjárlögum þessa árs.

19. *Til ungmennastarfsemi*:

Niður falla þessir liðir:

„*Til hjálparsevitar skáta í Hafnarfirði vegna fisksýningar*“, 100 þús. kr.

„*Til Æskuljóðssambands Íslands til hjálpar vanþróuðum löndum*“, 75 þús. kr.

„*Til bandalags istenzkra skáta til kaupa á húsnæði*“, 100 þús. kr.

20. *Til Blindrafélagsins í Reykjavík, byggingarstyrkur*, er lagt til að veita
120 þús. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

Um 18. gr.

I. *Samkvæmt launalögum*. Liðurinn „*embættismannaækkjur*“ lækkar um 3
þús. kr. Liðurinn „*samkvæmt sérstökum lögum*“ hækkar um 66 þús. kr.

II. *Eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna og lífeyris, biðlaun, heiðurslaun
og styrktarfé* lækkar um 53 þús. kr.

III. *Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs
barnakennara* hækkar um 6 millj. kr.

IV. *Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna* hækkar um 200
þús. kr.

VI. *Framlag ríkissjóðs til uppbóta á lífeyri* hækkar um 13.1 millj. kr. vegna
launahækkana og vanáætlunar undanfarið.

VII. *Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. I. a. og II.* hækkar um 300 þús. kr.

Um 19. gr.

Niðurgreiðslur vöruverðs innanlands eru áætlaðar 16 millj. kr. hærri en í
núgildandi fjárlögum, eða 559 millj. kr., og er þá miðað við núverandi niður-
greiðslu á einingu.

Útflutningsuppbætur eru áætlaðar 214 millj. kr. eða 26 millj. kr. hærri en í
núgildandi fjárlögum.

Launaskattur hækkar um 2 millj. kr.

Liðurinn „*kostnaður við kjarasamninga*“ er fluttur af 10. gr. á 19. gr. og
hækkar um 1.3 millj. kr.

Liðurinn „*hækkun útgjalda vegna launahækkunar*“ kemur í stað liðarins
„*hækkun útgjalda vegna áætlaðrar 3% launahækkunar*“ í núgildandi fjárlögum
og er áætlaður 100 millj. kr.

Til óvissra útgjalda hækkar um 3 millj. kr.

Liðurinn „*til greiðslu eftirstöðva skuldbindinga Útflutningssjóðs*“, 354 þús.
kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

Um 20. gr.

Sú breyting verður á framlögum til verklegra framkvæmda á 20. gr., að þau
framlög, er lækkuð hafa verið um 20% frá fjárveitingu samkv. fjárlögum þessa árs,
eru yfirleitt látin vera jafnhá upphæð og raunverulega var veitt í ár. Ástæðulaust

þykir að rekja við hvern lið lækkanir frá tölum þeim, sem standa á 20. gr. fjárlaga 1965, er verða af þessum sökum.

Út. I. *Afborganir lána ríkissjóðs* hækka um 295 þús. kr. Liðurinn: „Til greiðslu á framlagi til Alþjóðabankans“, 10 millj. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

II. *Framlag til ríkisábyrgðasjóðs* hækkar um 4 millj. kr.

IV. *Til bygginga á jörðum ríkisins* hækkar um 1.5 millj. kr.

VI. 8. *Til viðbyggingar við fæðingardeild Landspítalans* er nýr liður að upphæð 800 þús. kr.

VIII. *Til flugvallagerðar og flugöryggistækja* hækkar um 2.4 millj. kr. frá því, sem raunverulega var veitt í ár.

XII. 2. *Til byggingar við Menntaskólann á Akureyri* er nýr liður að upphæð 1.6 millj. kr., en liðurinn: „Til endurgreiðslu á láni Menntaskólans í Reykjavík til Menntaskólans á Akureyri“ 1.1 millj. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

3. *Til byggingar menntaskóla í Reykjavík* hækkar um 800 þús. kr. frá því, sem raunverulega var veitt á þessu ári.

6. *Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni* hækkar um 800 þús. kr. frá því, sem raunverulega var veitt í ár.

8. *Til greiðslu lána v/Menntaskólans á Laugarvatni* er nýr liður að upphæð 428 þús. kr.

16. *Tækniskólinn, stofnkostnaður* hækkar um 2.5 millj. kr.

17. *Til byggingar menntaskóla á Ísafirði* er nýr liður að upphæð 800 þús. kr.

18. *Til byggingar menntaskóla á Austurlandi* er nýr liður að upphæð 800 þús. kr.

XXVIII. *Til greiðslu á afborgunum og vöxtum af láni til kaupa á varðskipinu Óðni* lækkar um 1.3 millj. kr.

XXIX. *Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum* lækkar um 120 þús. kr. frá því, sem raunverulega var veitt í ár.

XXXII *Til endurbyggingar á Borg á Mýrum* lækkar um 510 þús. kr. frá því, sem raunverulega var veitt í ár.

XXXVII. *Til greiðslu afborgana og vaxta af láni til byggingar vitaskips* lækkar um 75 þús. kr.

XL. *Til kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Austurlandsumdæmis* lækkar um 100 þús. kr. Liðurinn: „Til byggingar útihúsa í Ólafsdal“, 200 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

XLIV. *Til viðbyggingar við sendiherrabústað í Kaupmannahöfn* er nýr liður að upphæð 600 þús. kr.

XLV. *Til greiðslu á stofnkostnaði holdanauta- og hænsnabús að Bessastöðum* er nýr liður, að upphæð 370 þús. kr. Gert er ráð fyrir því, að mjólkurframleiðslu verði hætt að mestu að Bessastöðum, en lögð megináherzla á rekstur hænsnabús og ræktun holdanauta, og er það í samræmi við álit nefndar, er skipuð var 24. júlí 1964 til þess að gera tillögur um framtíðarskipan á rekstri Bessastaðabús. Nokkur stofnkostnaður fylgir þessum breytingum, en gert er ráð fyrir því, að þær muni tryggja hallalausán rekstur búsin og jafnvel nokkurn ágóða af því.

Um 22. gr.

Liðirnir: VI., XVII., XXII. og XXIV. eru nýir.

Um 23. gr.

Ekki er lengur talin ástæða til þess að greiða uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra né lífeyrissjóði alþingismanna, þar eð lögum þessara lífeyrissjóða hefur nú verið breytt í samræmi við löggin um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að lífeyrir úr þeim er nú hundraðshluti af þeim launum, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn gegndi, þegar hann hóf töku lífeyris.

Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1966.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Póstur og sími:			
	Póst- og símamálastjóri	1	28.	kr. 262 452
		<hr/> 1		<hr/> kr. 262 452
	Rekstrardeild:			
	Forstjóri	1	26.	kr. 235 836
	Póstmálafulltrúi	1	22.	— 180 468
	Aðalgjaldkeri	1	21.	— 180 468
	Aðalbókari	1	21.	— 180 468
	Birgðastjóri	1	18.	— 150 804
	Innheimtugjaldkeri	1	18.	— 150 804
	Deildarstjórar	2	18.	— 284 868
	Fulltrúar II	7	17.	— 1 004 112
	Fulltrúar III	5	14.	— 615 348
	Gjaldkerar I	3	14.	— 381 876
	Gjaldkerar II	3	12.	— 339 588
	Fulltrúi IV	1	12.	— 119 172
	Bókarar I	10	11.	— 1 086 929
	Bókari II	1	8.	— 94 248
	Húsvörður	1	7.	— 99 396
		<hr/> 39		<hr/> kr. 5 104 385
	Hagdeild:			
	Forstjóri	1	26.	kr. 235 836
	Aðalendurskoðandi	1	22.	— 190 344
	Yfirmaður skýrslugerða	1	22.	— 180 468
	Fulltrúi I	1	21.	— 165 879
	Yfirmaður starfsmannadeildar	1	21.	— 180 468
	Fulltrúar II	2	17.	— 279 072
	Sjóðsskoðunarfulltrúi	1	16.	— 135 414
	Fulltrúar III	4	14.	— 505 920
	Fulltrúi IV	1	12.	— 110 208
	Póstafgreiðslumaður	1	12.	— 114 684
	Bókarar I	7	11.	— 751 248
	Ritari I	1	9.	— 94 248
		<hr/> 22		<hr/> kr. 2 943 789
	Radiotæknideild:			
	Forstjóri	1	26.	kr. 235 836
	Deildarverkfræðingur	1	24.	— 210 925
	Verkfræðingar	2	22.	— 360 936
	Stöðvarstjóri í Gufunesi	1	21.	— 180 468
	Yfirdeildarstjóri	1	19.	— 162 144

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Deildartæknifræðingur	1	19.	kr. 162 144
	Umsjónarm. útvarpsstöðva	1	19.	— 162 144
	Símatæknifræðingar	2	18.	— 279 072
	Stöðvarstjóri á Sandi	1	18.	— 150 804
	Fulltrúi II	1	17.	— 145 008
	Radioeftirlitsmaður	1	17.	— 145 008
	Stöðvarstj. á Rjúpnah. og Vík	2	17.	— 290 016
	Stöðvarstj. loftsk. og útv. á Vatnse.	2	16.	— 278 928
	Yfirsímverkjaverkstjórar	2	16.	— 278 928
	Stöðvarstj. á Vatnsenda	1	15.	— 134 064
	Yfirumsjm. og vélstjóri	2	15.	— 256 890
	Fulltrúar III	2	14.	— 248 088
	Stöðvarstj. í Skjaldarv., Eiðum og Höfn	3	14.	— 372 132
	Umsjónarmenn	2	14.	— 257 832
	Verkstjóri iðnaðarmanna	1	14.	— 128 916
	Símav.verkstj.	7	14.	— 892 668
	Umsjónarmenn	5	14.	— 644 580
	Varðstjórar	5	13.	— 620 220
	Símverkjaflokksstjórar	5	13.	— 574 551
	Umsjónarm. og varðstj. á Sandi ...	5	13.	— 605 230
	Sínvirkjar	34	12.	— 3 849 840
	Símritarar	39	12.	— 4 436 748
	Iðnaðarmenn sj.st.	4	12.	— 472 200
	Línuverkstjóri	1	12.	— 119 172
	Loftsk. keytamenn	7	11.	— 727 412
	Bókari	1	11.	— 105 984
	Stöðvarverðir	6	11.	— 674 928
	Vélaviðgerðarmenn	4	10.	— 412 948
	Iðnaðarmenn	4	10.	— 428 292
	Fjarritarar	3	9.	— 293 832
	Línnumenn	2	8.	— 188 496
	Tækjagæzlumenn	4	7.	— 397 584
		166		kr.19 884 968

Símatæknideild:

Forstjóri	1	26.	kr. 235 836
Deildarverkfræðingar	2	24.	— 417 295
Verkfræðingur	1	22.	— 180 468
Birgðastjóri	1	19.	— 162 144
Tæknifræðingar	2	18.	— 290 268
Fulltrúar	5	17.	— 708 552
Yfirsímverkjaverkstjórar	2	16.	— 278 928
Yfirumsjónarmenn	2	15.	— 268 128
Umsjónarm. m. línufr.	1	14.	— 128 916
Byggingaefirlitsmaður	1	14.	— 128 916
Fulltrúi III	1	14.	— 124 044
Verkstjóri iðnaðarmanna	1	14.	— 128 916
Símverkjaverkstjórar	5	14.	— 615 348
Bifreiðaumsjónarmaður	1	13.	— 124 044
Yfirteiknari	1	13.	— 119 172

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Umsjónarm. með bifreiðavaraahl. . .	1	12.	kr. 110 208
	Verkstjórar I	2	12.	— 238 344
	Iðnaðarmenn sj.st.	4	12.	— 467 712
	Símritari	1	12.	— 119 172
	Símvirkjar	12	12.	— 1 343 597
	Línuverkstjórar	14	12.	— 1 654 956
	Bókari I	1	11.	— 114 684
	Birgðavörður með sérþekkingu	1	11.	— 114 684
	Loftskammtamenn	4	11.	— 423 936
	Teiknari I	1	10.	— 101 892
	Iðnaðarmaður	1	10.	— 101 892
	Verkstjóri	1	9.	— 97 944
	Línuflokksstjórar	4	9.	— 389 683
	Línumenn	21	8.	— 2 031 484
	Bílstjórar I	3	8.	— 298 032
	Bókari II	1	8.	— 97 944
	Afgreiðslumaður	1	5.	— 85 032
		100		kr.11 702 171
Rítsíminn:				
	Rítsímastjóri	1	23.	kr. 200 904
	Fulltrúi II	1	17.	— 145 008
	Yfirumsjónarmenn	3	16.	— 418 392
	Varðstjóri v. útl.	2	14.	— 257 832
	Umsjónarmaður símrit.	1	14.	— 119 172
	Varðstjórar	2	13.	— 248 088
	Fulltrúi IV	1	12.	— 119 172
	Yfirvarðstjórar	2	12.	— 238 344
	Símritarar	11	12.	— 1 292 964
	Bókarar I	4	11.	— 450 036
	Næturvörður	1	10.	— 101 892
	Varðstjórar	2	9.	— 207 876
	Gjaldkerar III	2	9.	— 188 496
	Skeytaskrásetjarar	2	9.	— 211 968
	Fjarritarar	9	9.	— 874 497
	Talsímak. útl.	9	9.	— 882 792
	Eftirlitskonur	2	8.	— 203 784
	Yfirsendingmenn	2	8.	— 203 178
	Sendimenn	8	7.	— 753 606
	Talsímakonur	48	7.	— 4 505 898
		113		kr.11 624 505
Bæjarsíminn í Reykjavík:				
	Bæjarsímstjóri	1	24.	kr. 211 836
	Verkfræðingur	1	22.	— 180 468
	Skrifstofustjóri II	1	20.	— 171 108
	Yfirdeildarstjóri	1	19.	— 162 144
	Umsjónarmaður sj.v.st.	1	19.	— 153 708
	Tæknifræðingur	1	18.	— 150 804
	Fulltrúi II	1	17.	— 145 008

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Yfirsímvirkjaverkstjórar	2	16.	kr. 278 928
	Fulltrúar III	4	14.	— 509 168
	Símvirkjaverkstjórar	5	14.	— 639 708
	Yfirlínuverkstjórar	2	14.	— 257 832
	Símvirkjaflokksstjórar	2	13.	— 238 344
	Fulltrúar IV	2	12.	— 238 344
	Símvirkjar	15	12.	— 1 703 712
	Línuverkstjórar	6	12.	— 715 032
	Iðnaðarmenn	2	12.	— 229 380
	Bókarar I	6	11.	— 658 572
	Teiknarar I	2	10.	— 204 456
	Naturverðir	2	10.	— 220 416
	Birgðavörður	1	10.	— 110 208
	Línuflokksstjórar	4	9.	— 402 224
	Tengingamenn	5	9.	— 529 920
	Bókarar II	3	8.	— 283 272
	Línumenn	15	8.	— 1 463 952
	Talsímakonur	16	7.	— 1 532 464
		101		kr.11 391 008

Póststofan í Reykjavík:

Póstmeistari	1	23.	kr. 200 904
Deildarstjórar	3	18.	— 452 412
Fulltrúar II	2	17.	— 290 016
Póstvarðstjórar	8	16.	— 1 115 712
Fulltrúar III	17	14.	— 2 167 212
Gjaldkerar I	2	14.	— 252 960
Fulltrúar IV	2	12.	— 229 380
Póstafgreiðslumenn I	43	12.	— 4 888 023
Póstbílstjórar	3	12.	— 318 468
Iðnaðarmaður	1	12.	— 111 700
Póstaðstoðarmenn	8	10.	— 852 020
Póstafgreiðslumenn II	3	8.	— 290 388
Hraðboðabréfberi	1	8.	— 101 892
Yfirbréffberar	7	8.	— 706 335
Bréffberar I	18	7.	— 1 702 020
Húsvörður	1	7.	— 91 884
	120		kr.13 771 326

Hafnarfjörður:

Sími:

Stöðvarstjóri	1	19.	kr. 162 144
Bókari	1	8.	— 101 892
Talsímakonur	3	7.	— 273 760
	5		kr. 537 796

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launaf.	Laun
3.	Póstur:			
	Yfirumsjónarmaður	1	15.	kr. 134 064
	Póstafgreiðslumenn	2	12.	— 219 360
	Bréfberar (2 + 1)	3	7., 8.	— 300 552
		6		kr. 653 976
	Akureyri:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	21.	kr. 180 468
	Yfirumsjónarmaður	1	15.	— 128 916
	Varðstjóri	1	13.	— 124 044
	Símvirkjaverkstjóri	1	14.	— 128 916
	Símvirki	1	12.	— 110 208
	Loftskammtamaður	1	11.	— 97 944
	Næturvörður	1	10.	— 110 208
	Varðstjórar	2	9.	— 210 945
	Rítarar I	3	9.	— 294 480
	Talsímakonur	19	7.	— 1 710 132
		31		kr. 3 096 261
	Póstur:			
	Póstmeistari	1	21.	kr. 180 468
	Yfirumsjónarmaður	1	15.	— 134 064
	Fulltrúar III	2	14.	— 257 832
	Póstafgreiðslumenn	3	12.	— 326 740
	Bréfberar	2	7., 8.	— 197 340
		9		kr. 1 096 444
	Brú:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	21.	kr. 180 468
	Varðstjóri	1	13.	— 124 044
	Símritari	1	12.	— 114 684
	Póstaðstoðarmaður	1	10.	— 109 504
	Talsímakonur (1 + 3)	4	5., 7.	— 332 428
		8		kr. 861 128
	Ísafjörður:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	21.	kr. 180 468
	Varðstjóri	1	13.	— 124 044
	Símritari	1	12.	— 110 208
	Næturvörður	1	10.	— 110 208
	Línuflokksstjóri	1	9.	— 94 248
	Bókari	1	8.	— 90 552
	Talsímakonur	11	7.	— 953 186
		17		kr. 1 662 914

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launaf.	Laun
3.	Póstur:			
	Yfirumsjónarmaður	1	15.	kr. 134 064
	Póstafgreiðslumenn	2	12.	— 225 156
	Bréfberi	1	7.	— 99 396
		4		kr. 458 616
	Seyðisfjörður:			
	Sími og póstur:			
	Umdæmisstjóri	1	21.	kr. 180 468
	Varðstjórar	2	13.	— 238 728
	Símritarar	2	12.	— 229 380
	Bókari	1	8.	— 94 248
	Talsímakonur	4	7.	— 339 390
	Póstafgreiðslumaður	1	12.	— 119 172
		11		kr. 1 201 386
	Siglufjörður:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	21.	kr. 180 468
	Fulltrúi	1	14.	— 128 916
	Varðstjóri	1	13.	— 124 044
	Símritari	1	12.	— 119 172
	Línuverkstjóri	1	12.	— 114 684
	Næturvörður	1	10.	— 101 892
	Talsímakonur	10	7.	— 886 081
		16		kr. 1 655 257
	Póstur:			
	Yfirumsjónarmaður	1	15.	kr. 134 064
	Póstafgreiðslumenn	2	12.	— 229 368
	Bréfberi	1	7.	— 99 396
		4		kr. 462 828
	Vestmannaeyjar:			
	Sími:			
	Stöðvarstjóri	1	21.	kr. 180 468
	Varðstjóri	1	13.	— 114 684
	Símv. verkstjóri	1	14.	— 128 916
	Loftskeytamaður	1	11.	— 105 984
	Næturvörður	1	10.	— 100 247
	Talsímakonur	6	7.	— 563 744
	Símvirki	1	12.	— 109 504
		12		kr. 1 303 547

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Póstur:			
	Yfirumsjónarmaður	1	15.	kr. 134 064
	Póstafgreiðslumenn	2	12.	— 219 008
	Bréfberar	2	7.	— 198 792
		5		kr. 551 864

Laun samtals 90 226 621. Af launum við radioflugþjónustu og loran-
stöðvar er áætlað að I.C.A.O. endurgreiði kr. 10 784 860.

Fastráðnir starfsmenn 790.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins:

Skrifstofan:

Forstjóri	1	26.	kr.	235 836
Skrifstofustjóri	1	23.	—	200 904
Fulltrúi	1	20.	—	162 144
Lyfsölustjóri	1	U.	—	120 000
Aðalgjaldkeri	1	17.	—	145 008
Aðalbókarar	2	17.	—	290 016
Fulltrúar	2	14.	—	257 832
Gjaldkeri	1	12.	—	119 172
Fulltrúar	6	12.	—	701 580
Bréfitari	1	12.	—	110 208
Bókarar	6	11.	—	643 780
Afgreiðslumaður	1	10.	—	110 208
Bókarar	3	8.	—	261 396
Innheimtumaður	1	8.	—	101 892
Símastúlka	1	7.	—	91 884
	29		kr.	3 551 860

Ríkisútvarpið:

Yfirstjórn:

Útvarpsstjóri	1	27.	kr.	248 748
Formaður útvarpsráðs	1	U.	—	40 308
Útvarpsráð	4	U.	—	107 520

Aðalskrifstofa:

Skrifstofustjóri	1	23.	—	200 904
Aðalgjaldkeri	1	17.	—	145 008
Fulltrúi	1	14.	—	128 916
Skjalavörður	1	11.	—	105 984
Símavarzla (hl. l.)	2	6.	—	93 564
Sendisveinar	2	U.	—	155 020
Aðstoðargjaldkeri	1	9.	—	55 788

Innheimtuskrifstofa:

Innheimtustjóri	1	17.	—	145 008
Fulltrúi	1	12.	—	119 172
Bókarar	3	8.	—	290 388
Ritarar	3	U., 6.	—	209 307
Gjaldkeri	1	14.	—	128 916

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafll.	Laun
3.	Auglýsingaskrifstofa:			
	Auglýsingastjóri	1	17.	kr. 145 008
	Bókarar	3	9.	— 290 136
	Innheimtumenn	2	6.	— 180 612
	Fréttastofa:			
	Fréttastjóri	1	23.	— 200 904
	Fréttamenn	8	16.	— 1 033 488
	Skrifstofa dagskrár:			
	Dagskrárstjóri	1	23.	— 200 904
	Fulltrúar (2 + 1)	3	16., 18.	— 424 332
	Leiklistarstjóri	1	21.	— 180 468
	Bókari	1	8.	— 90 552
	Dagskrármenn	2	15., 16.	— 258 108
	Ráðunautur	1	U.	— 26 880
	Gjaldkeri	1	12.	— 112 446
	Tónlistardeild:			
	Tónlistarstjóri	1	21.	— 180 468
	Fulltrúar (1 + 3)	4	12., 18.	— 509 340
	Dagskrármenn	3	16.	— 396 714
	Hljómplötuvörður	1	11.	— 114 684
	Ritari	1	8.	— 90 552
	Bókari	1	11.	— 110 208
	Aðstoðarmaður	1	5.	— 89 596
	Tónlistarmaður	1	U.	— 183 360
	Þulir:			
	Þulir	4	15.	— 454 260
	Útvarps- og magnarasalir:			
	Forstöðumenn	2	17., 19.	— 307 152
	Magnaraverðir	8	12.	— 931 608
	Aðrir starfsmenn:			
	Afgreiðslukonur	2	U.	— 183 720
	Dyraverðir (2 + 1)	3	6., 8.	— 293 052
	Umsjónarmaður	1	10.	— 105 984
	Ráðunautar		U.	— 103 675
		81		kr. 9 372 762.
	Viðtækjaverzlun ríkisins:			
	Forstjóri	1	23.	kr. 200 904
	Skrifstofustjóri	1	20.	— 171 108
	Fulltrúar	2	12., 14.	— 248 088
	Bókari	1	8.	— 101 892
	Útvarpsvirki	1	12.	— 119 172

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
3.	Bifreiðastjóri	1	U.	kr. 100 000
	Ritari	1	9.	— 105 984
		8		kr. 1 047 148
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:				
	Forstjóri	1	24.	kr. 211 836
	Skrifstofustjóri	1	23.	— 200 904
	Bókari	1	11.	— 114 684
	Ritari	1	6.	— 83 188
	Birgðavörður	1	10.	— 110 208
	Afgreiðslumaður	1	U.	— 99 112
	Sendisveinn	1	U.	— 36 000
		7		kr. 855 932
Landssmiðjan:				
	Forstjóri	1	26.	kr. 223 560
	Skrifstofustjóri	1	23.	— 200 904
	Aðalgjaldkeri og aðalbókari	2	17.	— 284 472
	Fulltrúar III	2	14.	— 248 088
	Skjalavörður	1	11.	— 114 684
	Bókarar	2	8., 11.	— 208 932
	Ritari	1	9.	— 90 552
	Innheimtumaður	1	6.	— 88 452
	Símastúlka	1	5.	— 77 508
	Sendisveinn	1	U.	— 61 836
		13		kr. 1 598 988
Innkaupastofnun ríkisins:				
	Forstjóri	1	26.	kr. 235 836
	Skrifstofustjóri	1	20.	— 171 108
	Innkaupastjóri	1	20.	— 162 144
	Gjaldkerar (1½ + 1)	2.5	12., 17.	— 299 376
	Fulltrúar (4 + 3)	7	12., 14.	— 817 836
	Ritarar	2	6.	— 173 484
	Sendlar	2	5.	— 148 968
		16.5		kr. 2 008 752
10. I. 2.	Stjórnarráðið:			
	Atvinnumálaráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
	Deildarstjórar	2	24.	— 412 740
	Fulltrúar (1 + 2½)	3.5	20., 21.	— 613 116
	Bókari	1	11.	— 114 684
	Ritari	1	4.	— 81 732
		8.5		kr. 1 484 724

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
10. I. 2.	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
	Deildarstjóri	1	24.	— 211 836
	Fulltrúar	5	21.	— 874 260
	Ritari	1	6.	— 82 007
	Bókarar	2	11.	— 220 668
		10		kr. 1 651 223

Félagsmálaráðuneytið:

Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
Deildarstjórar	2	24.	— 423 672
Fulltrúar (1 + 2)	3	20., 21.	— 532 044
Bókari	1	11.	— 108 800
Ritarar	2	6., 9.	— 169 099
	9		kr. 1 496 067

Fjármálaráðuneytið:

Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
Deildarstjórar	2	24.	— 423 672
Fulltrúar ($\frac{1}{2} + 1 + 2\frac{1}{2}$)	4	17., 20., 21.	— 667 097
Bókari	1	11.	— 110 206
Ritari	1	9.	— 92 708
Skjalavörður	1	11.	— 114 684
	10		kr. 1 670 819

Ríkisendurskoðun:

Ríkisendurskoðandi	1	28.	kr. 262 452
Endurskoðendur (7 + 1)	8	20., 21.	— 1 369 260
Deildarstjórar	4	24.	— 847 344
Fulltrúar	6	17.	— 826 776
Bókarar	4	11.	— 432 768
Ritarar (2 + 1)	3	6., 9.	— 260 420
	26		kr. 3 999 020

Forsætis- og menntamálaráðuneytið:

Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
Deildarstjórar	2	24.	— 418 206
Fulltrúar (2 + 1)	3	20., 21.	— 513 324
Bókarar	3	11.	— 322 560
	9		kr. 1 516 542

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
10. I. 2.	Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
	Deildarstjóri	1	24.	— 211 836
	Fulltrúar	1.5	21.	— 260 604
	Bókari	1	11.	— 105 984
		4.5		kr. 840 876
	Utanríkisráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
	Sendiherra	1	28.	— 262 452
	Deildarstjórar	4	24.	— 847 452
	Viðskiptaráðunautur	0.5	28.	— 131 226
	Bókarar	5	11.	— 520.188
	Deildarstjórar (hl. launa)		24.	— 50 000
	Ritari	1	8.	— 90 552
	Sendisveinn	1	U.	— 33 000
		13.5		kr. 2 197 322
	Utanríkisráðuneytið, varnarmáladeild:			
	Deildarstjóri	1	24.	kr. 211 836
	Fulltrúar (1 + 1 + 2)	4	17., 20., 21.	— 671 500
	Bókari	1	11.	— 101 892
	Fæðispeningar			— 13 200
		6		kr. 998 428
	Viðskiptamálaráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	kr. 262 452
	Ráðunautur	0.5	28.	— 131 226
	Deildarstjórar	3	24.	— 624 576
	Fulltrúar	2	17., 21.	— 316 116
	Bókari	1	11.	— 114 684
	Ritari	1	9.	— 94 248
		8.5		kr. 1 543 302
	Hagstofan:			
	Hagstofustjóri	1	28.	kr. 262 456
	Deildarstjórar	3	24.	— 635 511
	Fulltrúar (2 + 1 + 5)	8	14., 17., 21.	— 1 140 470
	Umsjónarmenn	2	14.	— 252 969
	Bókari	1	11.	— 93 693
	Ritarar (1 + 3)	4	4., 6.	— 294 895
		19		kr. 2 679 994

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
	Þjóðskráin:			
	Deildarstjóri	1	24.	kr. 211 837
	Fulltrúi	1	14.	— 119 166
	Bókarar	3	11.	— 327 312
		5		kr. 658 315
	Aðrir starfsmenn:			
	Húsverðir	2	U., 7.	— 148 309
	Símastúlkur (2 + 1)	3	7., 9.	— 277 941
	Bifreiðastjórar	6	10.	— 909 792
	Gæzlumaður	1	U.	— 52 728
	Ræstingakonur	4	U.	— 163 572
	Aukaaðstoð			— 20 000
		16		kr. 1 572 342
10. I. 3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
	Ríkisféhirzla:			
	Ríkisféhirðir	1	24.	kr. 211 836
	Aðalféhirðir	1	17.	— 122 014
	Bókarar	2	8., 11.	— 208 152
	Fulltrúi	1	20.	— 171 108
	Skiptimyntarféhirðir	1	12.	— 114 684
	Ríkisbókhald:			
	Ríkisbókari	1	26.	kr. 235 836
	Fulltrúar (2 + 3 + 2 + 2)	9	14., 17., 20., 21.	— 1 373 604
	Bókari	1	11.	— 114 684
	Deildarstjórar	2	24.	— 423 672
		19		kr. 2 975 590
11. A.	Hæstiréttur:			
	Dómforseti	1		kr. 316 368
	Dómarar	4		— 1 160 016
	Hæstaréttarritari	1	25.	— 211 836
	Dómvörður	1	11.	— 114 684
	Ritari	1	9.	— 105 984
		8		kr. 1 908 888
	Saksóknaraembættið:			
	Saksóknari	1	U.	kr. 290 004
	Fulltrúar	3	21.	— 466 205
	Skrifstofustjóri	1	20.	— 171 108
	Sakaskrárritarar	2	11., 14.	— 236 282
	Ritari	1	6.	— 83 657
	Aðalfulltrúi	1	25.	— 211 836
	Bókari	1	11.	— 114 684
		10		kr. 1 573 776

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
11. A.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:			
	Yfirborgardómari	1	28.	kr. 262 452
	Borgardómarar	6	26.	— 1 402 740
	Fulltrúar	5	21.	— 795 822
	Gjaldkeri	1	12.	— 119 172
	Bókari	1	11.	— 114 684
	Ritarar (2 + 3)	5	4., 9.	— 445 536
		19		kr. 3 140 406
	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:			
	Yfirborgarfógeti	1	27.	kr. 248 748
	Borgarfógetar	4	26.	— 943 344
	Fulltrúar (1 + 4)	5	12., 21.	— 809 845
	Gjaldkeri	1	17.	— 145 008
	Bókarar	2	11.	— 210 455
	Ritarar	2	4.	— 157 128
		15		kr. 2 514 528
	Sakadómaraembættið í Reykjavík:			
	Yfirsakadómari	1	28.	kr. 262 452
	Sakadómarar	4	26.	— 923 907
	Skrifstofustjóri	1	20.	— 185 367
	Fulltrúar	4	21.	— 658 378
	Bókari	1	11.	— 105 984
